

Haustmánuður



Þorri



Hvammshlíðardagatal

Að þessu sinni: fróðleikur, sögur & skoðanir úr fjöllunum



Einmánuður





Harpa



2021

Isländischer Kalender & alte Zeitrechnung isl.-dt.

9 783981 821659

Ef þú setur gat hér í gegnum allar blaðsíður þá er hægt að hengja dagatalið upp á gatinu og sjá skýringuna fyrir ofan hvert mánaðarblaðið.

Kæru notendur.

Góðar fréttir – einnig annað dagatalið fékk ótrúlega góðar viðtökur, bæði hérna heima og úti! Þannig að það gerði mér kleift að láta leggja dráttarvélarslóð niður á þjóðveg, sem var hreint sagt ómetanlegt sérstaklega þennan vetur. Hann var einn stórhríðarsamasti síðustu áratuga og það var í rauninni ófært fyrir jeppling rétt frá byrjun desember til apríl. Mikið var ég fegin að geta notað dráttarvélina (blessaða!) á meðan snjókoma og hvasst var og ekki síst að geta flutt allt sem var þungt og/eða viðkvæmt á vélinni í staðinn fyrir að bera eða draga það á eftir mér upp brekkuna og heim. Einnig forystuhrútasæði – og sæðingarkonuna!

Talandi um forystuhrút. Rétt í kvöld, þegar dagatalið er að verða klárt, var ég að leita eftir ákveðinni mynd. Ég fann hana ekki en í staðinn allt aðra mynd sem er mér mjög dýrmæt: lambamynd af nákvæmlega þeim hrút sem ég notaði í vetur. Hann heitir Nikulás frá Brakanda og er fæddur 2015. Nákvæmlega þetta sama ár mátti ég koma og taka myndir af öllu forystufé á Brakanda – mögnuð upplifun sem gleymist seint. Og viti menn, þegar ég fór í gegnum myndasafnið fann ég þessa frábæru mynd af Nikulási litla með Sylvíu mömmu sinni (12 vetra þá!). Afkvæmin hans, þótt þau séu enn ung, eru mjög sérstök og skemmtileg í alla staði. Dagatalið er auðvitað fullt af myndum af þeim ...

Já, sem sagt ákvað ég að halda áfram með að gefa út dagatal. Áhuginn á að fylgjast aðeins með okkur hérna í fjöllunum virðist greinilega til staðar og það finnst mér auðvitað mjög gaman. Auk þess er ég með nokkrar hugmyndir um "aukafróðleik" sem gætu verið spennandi. Þar sem allar upplýsingar um gamla tímatalið og merkisdaga úr fyrstu tveimur dagatölum **fylgja sér í viðhenginu** (eins og í síðasta skiptið) get ég núna líka einbeitt mér að öðru efni. Að þessu sinni tek ég tvennt fram:

1. **Litir íslensks sauðfjár** eða nánar sagt 12 litir og litaafbriðgir/mynstur*, og ég kynni um leið eina eða tvær kindanna minna nánar í hvert skipti. (Ég veit að það eru til ótal svæðisbundin litarheiti en til að hafa hlutina einfalda fyrir þá sem lesa um efnið í fyrsta skiptið nota ég einungis "staðalheitin" eins og þau koma fram í Fjárvís.)
2. **"Pæling" manaðarins** þar sem ég velti ákveðna hluti úr daglegu lífi okkar fyrir mér – stundum smáatriði, stundum mikilvæg grunnvallaatriði. Þar tala ég um persónulegar skoðanir mínir, ekki um staðreyndir, og örugglega eru ekki alltaf allir sammála mér. En það er í góðu lagi, samfélagið er fjölbreytt og enginn okkar eins.

Að lokum vil ég þakka öllum kærlega sem keyptu dagatalið í síðasta skiptið – og rétt núna líka þér, kæri lesandi, sem keypti núverandi útgáfuna! Auk þess kærar þakkir enn og aftur til allra vina og góðs fólks sem aðstoðaði mig síðustu mánuðina, ekki síst í vetur.

Hvammshlíð, á heyönnum 2020 — Karólína Elísabetardóttir

Gott að vita: Á aðalsíðunni er hver og ein mynd raunverulega tekin í mánuðinum þar sem hún birtist og ég tók allar myndir sjálf eins og áður, nema annað komi fram. Dagatalið býður upp á "venjulegar" vikutölur, tunglið og "rauða daga" (þótt þeir séu reyndar svartir hér). Það inniheldur gömlu mánuðina, merkisdaga og gömlu vikutölurnar. Ég nota dagsetninguna í "nýja stíl" síðan 1700. Ég mæli með því að setja gat (sjá lýsinguna efst) til að sjá aukasíðuna ásamt myndunum samtímis fyrir ofan mánaðarblaðið.

14.	byrjun 14. viku á nútímamáli (1. vika í byrjun janúar)
14.	byrjun 14. viku vetrar
14.	byrjun 14. viku sumars
Harpa	sumarmánuður
Ýlir	vetrarmánuður
●	nýtt tungl
☽	fyrsta kvartil
○	fullt tungl
☾	síðasta kvartil
mán	venjulegur virkur dagur
Lau/sun	helgi
mán	"rauður dagur" (almennur frídagur, hér mánudagur)
Kertasníkir	nafn jólasveins sem kemur þann dag

* Það vil svo skemmtilega til að sauðfjárgrunnlitirnir eru svart og mórautt en vetrarmánuðir eru alltaf svartir hjá mér og sumarmánuðir (mó-)rauðir. Þess vegna dreifði ég litum og mynstrum líka samkvæmt því.



2015: Nikulás & Sylvía frá Brakanda



Unnið að dráttarvélarslóðinni
Es wird am Traktorpfad gearbeitet



Blessaða dráttarvélin í fullu fjöri!
Der kostbare Traktor in Aktion!

Wenn Du hier ein Loch durch alle Blätter stanzt, kannst Du den Kalender mithilfe des Lochs aufhängen und die Erklärungen immer oberhalb der jeweiligen Kalenderseite sehen.

Liebe Nutzerinnen & Nutzer,

gute Nachrichten: Auch der zweite Kalender bekam eine fantastische Resonanz, sowohl hier in Island als auch in den deutschsprachigen Ländern! So konnte ich tatsächlich den Traktorpfad hinunter zur öffentlichen Straße legen lassen. Er ist von unschätzbarem Nutzen, sofort letzten Winter, der einer der schneesturmreichsten der letzten Jahrzehnte war. Von Anfang Dezember bis April war kein Durchkommen für mein Auto, so dass ich sehr froh war, bei schwierigen Wetterverhältnissen den Traktor nutzen zu können, um hinunter zur Straße und damit zum Auto zu gelangen – oder natürlich zurück. Insbesondere wenn ich schwere oder empfindliche Sachen befördern musste. Auch Anführerbocksperma – und die Besamerin!

Apropos Anführerbock. Gerade heute Abend suchte ich nach einem bestimmten Foto für den Kalender. Ich fand es nicht, aber dafür ein anderes, das mir sehr viel bedeutet: ein Lamm-Foto des Bocks, den ich letzten Winter einsetzte! Er heißt Nikulás frá Brakanda und wurde 2015 geboren. Genau in dem Jahr durfte ich auf den Hof Brakandi kommen und dort Aufnahmen von den ungewöhnlich vielen Anführerschafen machen. Als ich nun die Sammlung durchschaute, fand ich tatsächlich dieses wunderbare Foto vom kleinen Nikulás und seiner Mutter Sylvía (damals übrigens schon 12 Jahre alt). Seine Lämmer bei mir sind trotz ihrer Jugend schon sehr besonders und der Kalender enthält natürlich viele Bilder von ihnen ...

*Nun zur aktuellen Ausgabe. Alle Zusatzinformationen über die alte Zeitrechnung und besondere Tage finden sich wieder gesammelt im **separaten Anhang,** so dass Platz bleibt für neue Themen auf den Extra-Seiten oberhalb der eigentlichen Monatsblätter. Diesmal sind es diese:*

1. *Farben der Islandschafe oder genauer 12 Farben bzw. Muster* – außerdem stelle ich bei dieser Gelegenheit jeweils eines oder zwei meiner Schafe näher vor. (Es gibt eine Vielzahl regionaler Bezeichnungen hier in Island, aber um "Einsteiger" nicht zu überfrachten, bleibe ich bei den Farb-Standardbegriffen aus der landesweiten Schafdatenbank.)*
2. *"Pæling" (sprich "pailing") = Grübelei des Monats, in der ich bestimmte Aspekte unseres täglichen Lebens ein bisschen "hin- und herwälze". Teils Kleinigkeiten, teils wichtige Grundsatzfragen. In einem Fall gibt es keine deutsche Übersetzung, weil der Zusammenhang für Nichtisländer schwer zu verstehen wäre. Es sind meine persönlichen Überlegungen, keine objektiven Tatsachen, und es gibt sicher Menschen, die die Dinge anders sehen. Das ist völlig in Ordnung, die Gesellschaft ist vielseitig und wir sind alle verschieden.*

Zum Schluss möchte ich mich herzlich bei allen bedanken, die den letzten Kalender gekauft haben – und genau jetzt auch Dir, liebe/r Leser/in, für den Kauf der aktuellen Ausgabe! Mein besonderer Dank gilt aber auch wieder allen Freunden und anderen guten Menschen, die mich in den letzten Monaten unterstützt haben, nicht zuletzt im Winter. Unschätzbar.

Hvammshlíð, im Monat Heyannir 2020 — *Karólína Elísabetardóttir*

***Hinweise:** Jedes einzelne Bild wurde wirklich in dem Monat aufgenommen, auf dessen Blatt es erscheint, und ich habe wie bisher alles selbst fotografiert, sofern nicht anders erwähnt. Der Kalender bietet Kalenderwochen, Mondphasen und (isländische) Feiertage. Die deutschen Feiertage lassen sich daraus leicht ableiten. Zudem enthält er die alten isländischen Monate und die Zählung der Sommer- und Winterwochen samt weiterer wichtiger Tage. Oberhalb jedes Kalenderblattes (lochen und komplett aufklappen, s. Hinweis ganz oben!) befindet sich die Extra-Seite.*

14.	*14. Kalenderwoche (Beginn)*	sun	*sunnudagur = So*
14.	*14. Winterwoche (Beginn)*	mán	*mánudagur = Mo*
14.	*14. Sommerwoche (Beginn)*	þri	*þriðjudagur, 3. Tag = Di*
Harpa	*Sommermonat*	mið	*miðvikudagur, "Mittwochentag" = Mi*
Ýlir	*Wintermonat*	fim	*fimmtudagur, 5. Tag = Do*
●	*Neumond*	fös	*föstudagur, "Fastentag" = Fr*
☽	*Halbmond, zunehmend*	lau	*laugardagur, "Waschtag" = Sa*
○	*Vollmond*		
☾	*Halbmond, abnehmend*		
mán	*normaler Werktag*		
Lau/sun	*Wochenende*		
mán	*Feiertag (in dem Fall Mo)*		
Kertasníkir	*Name des Weihnachtsmanns, der an diesem Tag kommt*		

* *Es passt überaus gut, dass die Schafgrundfarben schwarz und rotbraun sind und bei mir Wintermonate stets schwarz und Sommermonate rot(-braun) sind. Daher habe ich die Farben und Muster ebenfalls nach diesem Schema verteilt.*

Ef hugmyndir fara að gerjast verður til – Hvammshlíðarostur!

Wenn Ideen anfangen zu gären, wird daraus – Käse!

Síðan ég var 7 eða 8 ára hef ég mikinn áhuga á kúm, kindum og geitum – og mjólkinni úr þeim. Sem unglingur las ég alls konar ostargerðarbækur og ekki síst prófaði mig áfram. Veraldarnetið var enn ekki til þá. Sem betur fór hafði ég alltaf aðgang að kúamjólk beint frá bónda, og súrmjólk, skyr og smjör urðu "aðalafurðir" mínar þess tíma.

Sem fjósakona á Húsatóftum kviknaði fyrst hugmyndin að búa einhvern tímann með kýr. Síðar fékk ég að láni frá sveitunga mínum tvær geitur sumarlangt og uppgötvaði samhengi á milli fóðurs og mjólkurbragðs. Svo eignaðist ég fyrstu kindurnar og hef alltaf mjólkað einhverjar af þeim. Á hinn boginn hef ég ávallt verið heilluð af villtum nytjarplöntum, flettum og sveppum. Síðustu mánuðina – ekki síst út af "covid-ástandinu" – þróaðist hugmyndin að sameina öll þessi áhugamál. Og að gefa fleirum tækifæri að njóta þeirra dýrmætu gæðaafurða sem íslensku mjólkurdýrin og íslenska náttúran býður upp á. Ég fór að vinna mig í gegnum reglugerðir og reiknaði allt fram og til baka, talaði við góðan vin um drauminn minn og viti menn, hann bauð mér að lána mér til að kaupa gám og tækin til að stofna litla ostagerð. Ótrúlegt!! Eftir að nokkrir vinir, vinir þeirra og frændfólk höfðu smakkað sig í gegnum mögulega hentugar ostategundar og gefið "grænt ljós" sótti ég um starfsleyfi.

Stuttu seinna var **"Hvammshlíðarosturinn"** formlega orðinn leyfileg söluvara. Og framleiðslan í nýju ostagerðinni minni er að hefjast rétt á þeim tíma þar sem fyrstu dagatölin fara í sölu. Persónulega myndi ég aldrei kaupa innfluttan ost og ég vona að ostarnir mínir leggi sitt að mörkum til að víkka úrvalið fyrir neytendur þannig að þeir velja síður, helst aldrei, útlenska vöru. Þetta eru einkenni Hvammshlíðarostanna:

- Einungis **alíslenskt hráefni**: íslensk kúamjólk (stundum geita- eða sauðamjólk), íslenskar villijurtir, flettur og þörungar, íslenskt sjávarsalt. Engin rotvarnar-/litarefni.
- **Mildur** ostur sem hentar flestum, samt ekki "þetta venjulega".
- Fjórar tegundir – **blóðberg, fjallagrös, söl og "hreinn"** ostur – mynda grunninn.
- **Óskaostur** þar sem kaupandinn velur sjálfur kryddið sem ég nota í þennan ost.
- **Ostaáskrift** til að tryggja sér alltaf nógan ost á hagstæðu verði.
- Fáanlegir í völdum **búðum** (sjá www.tinyurl.com/**hvammshlidarostur**)
- Hægt að panta beint hjá mér: **hvammshlidarostur@gmail.com** eða s. 865 8107.

Svona byrjaði þetta – smá innsýn í "tilraunarstarfsemið" síðustu ára. Alvöru framleiðslan mun taka við rétt á eftir!


Sauðamjólk, næstum eins þykk og rjómi
Die Anfänge: Schafmilch


Sauðasmjör
Schafbutter


Skyr
Quark


Undir mysunni felast ostefnin
Unter der Molke versteckt sich der "Käsebruch"




Það gekk vel að "hleypa" mjólkina
Das Gerinnen der Milch hat geklappt

Auf Deutsch nur kurz, da lediglich in Island relevant: Ich habe eine kleine Hofkäserei gegründet, die nur isländische Zutaten verwendet – wilde Kräuter, Flechten, Algen, Seesalz und natürlich Milch. Der Käse ist in ausgewählten Läden oder per Vorbestellung bei mir zu haben. Infos: ***www.tinyurl.com/hvammshlidarostur*** *(Die Fotos zeigen die Vorversuche, nicht die Käserei!)*






Áður en ég eignaðist alvöru ostapressu ... það þarf að auka þrýstinginn jafnt og þétt!
Bevor ich eine richtige Käsepresse hatte ... man muss den Pressdruck nach und nach erhöhen!


Eftir 1. pressun
Nach der 1. Pressung


Blóðbergsostur
Wilder-Thymian-Käse


Ýmsar tilraunir
Verschiedene Versuche


Söl
Lappentang


Mysuostur soðinn ...
Molkenkäse wird gekocht ...


... og tilbúinn!
... und fertig!


Blóðberg
Wilder Thymian




Enn einn blóðbergsostur
Noch ein wilder-Thymian-Käse


Fjallagrös
Hirschhornflechte


Um það bil svona lítur Hvammshlíðarosturinn út – blóðberg t.v., hreinn ostur t.h.
Ungefähr so sieht der Hvammshlíð-Käse aus – links Thymian, rechts "reiner" Käse

Impressum
© Verlag Alpha Umi, Richard-Wagner-Str. 18, D-50674 Köln, www.verlag-alpha-umi.de – Das Werk ist einschließlich aller seiner Teile urheberrechtlich geschützt. Jede Verwertung außerhalb der engen Grenzen des Urheberrechtsgesetzes ist ohne schriftliche Zustimmung des Verlages unzulässig und strafbar. 1. Auflage 2020 – ISBN 978-3-9818216-5-9



Fjárhús um 1900
Schafstall um 1900
mynd/Foto: Daniel Bruun



Mörsugur *(sprich "mörsügür")*
23.12.2020 til 21.1.2021; hefst á miðvikudegi í 9. viku vetrar eða á bilinu 20. til 27. desember.

23.12.2020 bis 21.1.2021; beginnt am Mittwoch der 9. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27. Dezember.

Þorri *(sprich "thorri", th wie engl. ti-eitsch)*
22.1. til 20.2.2021; hefst á föstudegi í 13. viku vetrar (og getur því verið á bilinu 19. til 25. janúar).

22.1. bis 20.2.2021, beginnt am Freitag in der 13. Winterwoche und kann im Zeitraum 19. bis 25. Januar liegen.

Litur mánaðarins: svart

Svart er annar af tveimur grunnlitum sauðfjár – hinn grunnlitur er mórautt (sjá maí-síðuna). Svart ríkir yfir mórauðu en sólin er oft að lýsa litinn aðeins upp á sumrin og stundum er erfitt að greina dökkmórautt og mósvart í sundur. Auk þess er algengt að hann "gránar" með árunum ("hélusvart"), hjá sumum kindum strax á fyrsta ári. Þelið er samt alltaf dökkt, ekki grátt eins og hjá gráum kindum (sjá litlu myndina, grátt t.v., hélusvart t.h.). Ég á samtals 6 einlitar svartar kindur eins og er: Tildu, Mías, Iðu, Snorra, Lúsíu og Kötlu.

Mías er "fulltrúi" litarins að þessu sinni. Hann fæddist 2017 sem lambakonungur og er sonur Nínu (sem kemur fram á maí-síðunni) og Silfra. Hins vegar kaus hann Flekku sem fósturmömmu, en hún hafði borið dauðu lambi nákvæmlega samtímis og var strax ástfangin af honum líka (ég segi einnig frá því í dagatalinu 2019). Þannig ólst hann upp sem einlembingur og það gekk mjög vel eins og sést á myndinni þar sem hann er ekki nema 4 mánaða gamall. Hann á einnig mannlegt "fósturforeldri" sem er þýsk kona, hún valdi nafnið hans sem er stutt útfærsla af Jeremías. Hann var geltur fyrsta haustið og er stór og myndarlegur sléttkolóttur sauður í dag. Sjálfstæður en ljúfur, lendir sjaldan í árekstri við hinar kindur, ekki mannelskur en samt rólegur og jákvæður í umgengni.

Schwarz ist eine von zwei Schaf-Grundfarben – die andere Grundfarbe ist Rotbraun (s. Mai-Blatt). Schwarz ist dominant bezüglich Rotbraun, aber die Sonne hellt die Farbe im Sommer oft etwas auf und manchmal ist es schwierig, Dunkelrotbraun und aufgehelltes Braunschwarz zu unterscheiden. Außerdem kommt es häufig vor, dass schwarze Schafe im Lauf der Jahre "ergrauen", manche schon im ersten Jahr (auf Isländisch dann "raureifschwarz" genannt – s. kleines Foto, zum Vergleich grau links und raureifschwarz rechts). Ich habe zur Zeit 6 einfarbig schwarze Schafe: Tilda, Mías, Iða, Snorri, Lúsía und Katla.

Mías ist diesmal der "Vertreter" der Farbe. Er wurde im Mai 2017 geboren und ist der Sohn von Nína (die im Mai-Blatt vorkommt) und Silfri. Er wählte sich jedoch Flekka als Pflegemutter, die genau gleichzeitig ein totes Lamm zur Welt gebracht und sich umgekehrt auch sofort in ihn verliebt hatte (ich berichte darüber im Kalender 2019). So wuchs er als Einzellamm auf, was sehr gut funktionierte, wie man auf dem Foto sieht – er ist dort erst 4 Monate alt. Er hat außerdem eine Patin, eine deutsche Frau, die ihm seinen Namen gab – eine Kurzform von Jeremías. Er wurde im ersten Herbst kastriert und ist heute ein großer und schöner hornloser Hammel. Selbstständig, aber sanft im Wesen, er gerät nur selten in Konflikte mit den anderen Schafen; nicht im eigentlichen Sinne zutraulich, aber dennoch ruhig und positiv im Umgang.

Pæling: Úti eða inni? *Drinnen oder draußen?*

Kindurnar mínar eru úti en geta farið inn hvenær sem er. Þær myndu svara: "Úti! En ef það er bæði úrkoma og hvasst þá er þægilegra að vera inni." Kindur sem voru af einhverjum ástæðum oftar inni fyrstu daga ævi sinnar kjósa frekar að fara inn en hinar sem komu ekki í hús fyrr en fyrsta veturinn. *Meine Schafe sind draußen, aber können jederzeit in den Stall. Sie würden antworten: "Draußen! Aber wenn es sowohl schneit als auch stürmt, ist es drinnen angenehmer." Schafe, die aus bestimmten Gründen während der ersten Lebenstage öfter drinnen waren, gehen eher in den Stall als die anderen.*

Fjárborg (án þaks) við fjöruna 1898
"Schafburg" (Windschutz ohne Dach – bei Sturm sehr wirksam) am Strand 1898
mynd/Foto: Daniel Bruun







Iða (2018)

Ljúfur



Janúar



Baugur og Kappi taka eftirlitið alvarlega
Baugur & Kappi nehmen die Überwachungsarbeit ernst



Vildís, Frosti, Bjarki





Mörsugur

Þorri

Fös	1		*Nýársdagur*
Lau	***2***		*11.*
Sun	***3***		
Mán	4		1.
Þri	5		
Mið	6	☾	Þrettándinn
Fim	7		
Fös	8		
Lau	***9***		*12.*
Sun	***10***		
Mán	11		2.
Þri	12		
Mið	13	●	
Fim	14		
Fös	15		
Lau	***16***		*13.*
Sun	***17***		
Mán	18		3.
Þri	19		
Mið	20	☽	
Fim	21		
Fös	22		Bóndadagur
Lau	***23***		*14.*
Sun	***24***		
Mán	25		4. Pálsmessa
Þri	26		
Mið	27		
Fim	28	○	
Fös	29		
Lau	***30***		*15.*
Sun	***31***		







Litur mánaðarins: grátt *(sprich "graut")*

Grátt er "mynstur" sem leggst ofan á grunnlitinn svart. Fæturnir og á haustinn og veturna líka andlitið eru svört en þelið grátt eða jafnvel hvítt, togið grátt (allt frá dökkgráu að ljósgráu). Gráar kindur fæðast svartar en örfá hvít hár, sérstaklega við snoppu og eyru, benda á tilvonandi gráa litinn. Auk þess er tungan alltaf bleik (sjá litlu myndina), ekki fjólublá eins og í svörtum lömbum. Eftir nokkrar vikur myndast einnig gráar rendur rétt ofan við klaufirnar. Grátt breytist mikið fyrsta árið, eftir það er það oftast frekar stöðugt silfurgrátt. Andlitið er að mestu grátt á vorin og sumrin en dökkt á haustin og veturna. Ég á 9 gráar kindur eins og er sem eru ekki með annað mynstur í viðbót: Loka, Gústa, Ljúf, Silfra, Bjarka, Fálka, Elínu, Lilju og Garúnu.

Gústi er dæmigerð grá kind. Hann fæddist 2016 og er sonur Tildu og Njáls, alsystir hans var Flekka (fóstur-mamma Míass). Hann var geltur fyrsta haustið og er líklega stærsti sauðurinn hjarðarinnar. Reyfið hans vegur meira en 4 kg. Það sást strax þegar hann fæddist að hann yrði hyrndur en hornin urðu ekki til vandræða við burð. Myndin er tekin á öðru hausti hans. Þegar hann var eins árs ákvað hann allt í einu að verða gæfur og að það væri gott að láta klóra sér, áður var hann styggur. Samt er hann kurteis sem er frábær blanda.

Grau ist ein "Muster", das sich über die Grundfarbe Schwarz legt. Die Beine, im Herbst und Winter auch das Gesicht sind schwarz, aber die Unterwolle grau oder sogar weiß, das Deckhaar (hell- bis dunkel-)grau. Graue Schafe werden schwarz geboren, aber einzelne weiße Haare, besonders am Mäulchen und an den Ohren, deuten auf die künftige graue Farbe hin. Zudem ist die Zunge immer rosa (s. kleines Foto), nicht lila wie bei schwarzen Lämmern. Nach einigen Wochen entstehen außerdem graue Ränder direkt über den Klauen. Grau verändert sich im ersten Jahr stark, danach ist es meist weitgehend konstant silbergrau. Das Gesicht ist größtenteils grau im Frühling und Sommer, aber schwarz im Herbst und Winter. Ich habe derzeit 9 graue Schafe, die kein zusätzliches Muster aufweisen: Loki, Gústi, Ljúfur, Silfri, Bjarki, Fálki, Elín, Lilja und Garún.

Gústi ist ein typisches graues Schaf. Er wurde 2016 als Sohn von Tilda und Njáll geboren, seine Schwester war Flekka (Mías´ Pflegemutter). Er wurde im ersten Herbst kastriert und ist vermutlich der größte Hammel der Herde. Sein Vlies wiegt über 4 kg. Gleich bei der Geburt waren die Hornansätze zu sehen, aber sie verursachten keine Probleme. Das Bild ist in seinem zweiten Herbst entstanden. Als er ein Jahr alt war, entschied er sich plötzlich zutraulich zu werden und dass es angenehm ist, sich kraulen zu lassen; vorher war er scheu. Trotzdem bleibt er höflich dabei, was eine wunderbare Mischung ist.

Góa *(sprich "goua")*

21.2. til 22.3.2021; góa hefst á sunnudegi í 18. viku vetrar, upphafsdagurinn getur því verið á bilinu 18. til 24. febrúar.

21.2. bis 22.3.2021; góa beginnt am Sonntag in der 18. Winterwoche, also zwischen 18. und 24. Februar.









Pæling: Húsið! *Das Haus!*

Allar húsamyndir hér tók ég í febrúar 2020. Það borgar sig að staldra aðeins við og skoða þær nánar – hverja mynd fyrir sig. Grunnflötur hússins er ekki nema um 26 m² en það er vel byggt, vel einangrað, sökkullinn er sterkur og jafnvel í mestu stórviðrum finnst ekki nema smá hristingur inni við. Þetta er afar táknrænt. Ég er síþakklát fyrir litla örugga húsið mitt – ekki síst ef það er lífshættulegt fyrir mannfólk að vera úti.

Alle Haus-Fotos hier habe ich im Februar 2020 gemacht. Es lohnt sich innezuhalten und sie näher anzuschauen – jedes für sich. Die Grundfläche des Hauses beträgt nur rund 26 m², aber es ist gut gebaut, gut isoliert, der Sockel ist stark und sogar in den stärksten Unwettern fühlt man innen nur ein leichtes Rütteln. Ich bin jeden Tag dankbar für mein kleines sicheres Haus – nicht zuletzt dann, wenn es für Menschen draußen lebensgefährlich ist.



Þegar – eða ef það er engin stórhríð gleðja norðurljósin!
Wenn – oder besser falls kein Schneesturm tobt, erfreut uns das Nordlicht!



Horft út um gluggann
Fensteraussicht



Kappi í stórbrotnum skafli
Kappi auf einer spektakulär geformten Schneewehe



Drottning, Iða, Njáll, Snorri

Febrúar

Þorri

Mán 1 5.
Þri 2 Kyndilmessa
Mið 3
Fim 4 ☾
Fös 5
Lau 6 *16.*
Sun 7
Mán 8 6.
Þri 9
Mið 10
Fim 11 ●
Fös 12
Lau 13 *17.*
Sun 14
Mán 15 7. Bolludagur
Þri 16 Sprengidagur
Mið 17 Öskudagur
Fim 18
Fös 19 ☽
Lau 20 *18.* ***Þorraþræll***
Sun 21 ***Konudagur***

Góa

Mán 22 8.
Þri 23
Mið 24
Fim 25
Fös 26
Lau 27 *19.* ○
Sun 28



1898: Fjós og heyhlaða – laust hey (S-Múl.)
Kuhstall und Heulager – loses Heu
Mynd/*Foto:* Daniel Bruun



um 1950: Heyhlaða (A-Hún.) – laust hey
Heulager – loses Heu
Mynd/*Foto:* Guðmundur Guðnason



1989: Steinsteypt hlaða (Húsatóftum) – litlir baggar
Betonscheune – kleine Ballen



Einmánuður *(sprich "eyn-maunüthür", th = ti-eitsch)*

23.3. til 21.4.2021; hann hefst á þriðjudegi í 22. viku vetrar, upphafið getur því verið á bilinu 20. til 26. mars.

23.3. bis 21.4.2021; er beginnt am Dienstag in der 22. Winterwoche, dieser Tag kann im Zeitraum 20. bis 26. März liegen.

2019: Varaheystæði (Hvammshlíð) – rúllur í plasti
Reserveheulager – Rundballen in Folie



2019: Aðalheystæði (Hvammshlíð) – rúllur í plasti
Heulager – Rundballen in Folie



Litur mánaðarins: svartbotnótt *(spr. "swart-bottn-out")*

Botnótt er líka "mynstur" sem leggst ofan á grunnlitinn svart. Bolurinn og andlitið eru svört og liturinn þar hagar sér eins og ég lýsti á janúar-síðunni en "neðri hlutinn" er ljósgult eða hvítt, auk þess eru blettir í sama lit fyrir "framan" augun og hárin í eyrunum eru líka ljós. Stundum er tungan bleik án þess að mynstrið "grátt" sé fyrir höndum, en stundum fjólublá. Ég á 2 svart-botnóttar kindur sem eru ekki með annað mynstur í viðbót: Helgu og Sjafnar.

Það er erfitt að sýna öll einkenni botnótta litarins í einni mynd. Það er einfaldast eftir rúninginn eða sem lamb á vorin og sumrin. Sjafnar fæddist 2017 og er sonur Helgu (sem kemur líka fram á maí-síðunni) og Sprota. Hann var geltur fyrsta haustið eins og flestir sauðir hjá mér og er búin að stækka mikið, sérstaklega í fyrra. Hann byrjaði að grána þegar hann var orðinn veturgamall. Þótt það sæist strax við burð að hann yrði hyrndur fékk hann ekki nema meðalstór horn. Hann er ekki mannelskur þótt báðir foreldrar séu það, en rólegur og áhugasamur í umgengni.

Botnótt (ich kenne keinen allgemein verbreiteten deutschen Begriff dafür) ist ebenfalls ein "Muster", das sich über die Grundfarbe Schwarz legt. Der Körper und das Gesicht sind schwarz und die Farbe verhält sich so wie auf dem Januar-Blatt beschrieben, aber die "Unterseite" ist hellgelb oder weiß, zudem gibt es längliche Flecken derselben Farbe "vor" den Augen und die Haare in den Ohren sind ebenfalls hell. Manchmal ist die Zunge rosa, ohne dass zusätzlich das Muster "grau" vorhanden ist, und manchmal lila. Ich habe 2 schwarzbotnótte Schafe, die kein zusätzliches Muster aufweisen: Helga und Sjafnar.

Es ist schwierig, auf einem einzigen Foto alle Merkmale des Musters zu zeigen. Am einfachsten ist es nach der Schur oder als Lamm im Frühjahr und Sommer. Sjafnar (sprich "Sjapnar") wurde 2017 geboren und ist ein Sohn von Helga (die auch auf dem Mai-Blatt erwähnt wird) und Sproti. Er wurde im ersten Herbst kastriert, wie die meisten Hammel bei mir, und ist stark gewachsen, besonders im letzten Jahr. Er begann bereits zu ergrauen, als er ein Jahr alt war. Obwohl gleich bei der Geburt erkennbar war, dass er gehörnt sein würde, wurden die Hörner lediglich mittelgroße "Ovalhörner" (normale Hörner haben dagegen einen dreieckigen Querschnitt). Er ist nicht zutraulich trotz zweier solcher Eltern, aber ruhig und interessiert im Umgang.

Pæling: Heygeymsla. *Heulagerung.*

Margt hefur breyst síðustu 100 árin, ekki síst varðandi heygeymslu. Það er afar mikilvægur þáttur í búskapnum að verja dýrmætu næringarefnin fyrir skemmdum. Núverandi aðalaðferðin að geyma hey í plöstuðum rúllum hefur ómetanlega kosti: Grasið þarf ekki lengur að vera alveg þurrt, það er frekar öruggt og það þarf ekki lengur húsabyggingu. Því mikilvægra er að endurvinna plastið eftir notkun til að minnka helsta gallann – plastruslið.
Vieles hat sich in den letzten 100 Jahren verändert, nicht zuletzt bei der Heulagerung. Es ist ein überaus wichtiger Faktor in der isländischen Landwirtschaft, das kostbare Futter vor dem Verlust von Nährstoffen und vor Verderb oder dem Wegfliegen zu schützen. Die heute weit vorherrschende Methode, das Heu in folienge-packten Rundballen zu lagern, hat unschätzbare Vorteile: Das Gras muss nicht mehr absolut trocken sein, die Ballen halten relativ gut und man braucht keine Gebäude mehr. Umso wichtiger ist das Plastik-Recycling.













Horft upp til hrossanna
Aufschauen zu den Pferden



Alltaf gaman – daglega fjallgangan
Der tägliche Spaß in den Bergen
(Kappi, Baugur)



"Jibbíii!"



"Nú, eruð þið þarna niður frá!" – *"Ach, da unten seid ihr!"*
(Gústa, Lína, Tilda)



Vetrarbeit – *Weiden im Winter*
(Heiðrún fremst/*vorn*)

Mars

Góa

Mán 1 9.
Þri 2
Mið 3
Fim 4
Fös 5
Lau 6 *20.* ☾
Sun 7
Mán 8 10.
Þri 9
Mið 10
Fim 11
Fös 12
Lau 13 *21.* ●
Sun 14
Mán 15 11.
Þri 16
Mið 17
Fim 18
Fös 19
Lau 20 *22.*
Sun 21 ☽
Mán 22 12. Góuþræll
Þri 23 Yngismannad.
Mið 24
Fim 25
Fös 26
Lau 27 *23.*
Sun 28 ○ ***Pálmasunnud.***
Mán 29 13.
Þri 30
Mið 31

Einmánuður



um 1920
lm: Arnor Egilsson



1898
lm: Daniel Bruun





Litur mánaðarins: svartgolsótt *(sprich "swart-golls-out")*

Golsótt er einnig "mynstur" sem leggst ofan á grunnlitinn svart. Að vissu leyti er það "öfugt" við botnótt. Bolurinn er ljósgulur en "neðri hlutinn" ásamt fótunum svartur, auk þess er svart og grátt mynstur í annars frekar ljósu andliti og hárin í eyrunum eru líka svört. Tungan er venjulega fjólublá. Ljósguli bolurinn er oft "flekkóttur" á lömbum en þessi litamunur hverfur fyrsta haustið. Líkt og við gráa litinn er andlitið dekkra á haustin og veturna en ljósara á vorin og sumrin. Ég á 2 svartgolsóttar kindur sem eru ekki með annað mynstur í viðbót: Míu og Lísu sem eru báðar á myndinni fyrir ofan.

Mía fæddist 2014 á Steini á Reykjaströnd og Lísa er dóttir hennar. Mía er sérstaklega hlý og þolinmóð móðir og afkvæmin hennar njóta þess líka sem fullorðnar kindur. Lísa til dæmis hætti ekki að jarma á móti móður sinni fyrr en hún eignaðist sjálf lömb. Upp úr því mynduðu þær mæðgur þriggja kynslóða fjölskylduhóp. Mía virðist vera einungis með eitt horn en hún á samt tvö, hægra hornið beygist eins og pínulítið hrútshorn rétt við hausinn (sem betur fer ekki til vandræða). Lísa er hins vegar kollótt (nánar tiltekið með örlitla hnýfla). Báðar mæðgur eru rólegar og vinalegar en vilja ekki láta klappa sér.

Auch golsótt (für das ich ebenfalls kein gängiges deutsches Wort kenne) ist ein Muster, das sich über die Grundfarbe Schwarz legt. In gewisser Weise ist es "umgekehrt" wie botnótt. Der Körper ist hell- oder goldgelb, aber der "untere Teil" mitsamt den Beinen schwarz, zudem ist das ansonsten relativ helle Gesicht schwarz und grau gemustert und die Haare in den Ohren sind ebenfalls schwarz. Die Zunge ist normalerweise lila. Der hellgelbe Körper ist bei Lämmern oft "gefleckt", aber dieser Farbunterschied verschwindet im ersten Herbst. Ähnlich wie bei grauen Schafen ist das Gesicht im Herbst und Winter dunkler und im Frühjahr und Sommer heller. Ich habe 2 golsótte Schafe, die darüber hinaus kein weiteres Muster aufweisen: Mía und Lísa, die beide auf dem obigen Bild zu sehen sind.

Mía wurde 2014 auf dem Hof Steinn im Skagafjörður geboren und Lísa ist ihre Tochter. Mía ist eine ganz besonders warmherzige und geduldige Mutter und ihre Nachkommen "nutzen" dies auch im Erwachsenenalter. Lísa zum Beispiel rief so lange noch nach ihrer Mutter, bis sie ihre ersten eigenen Lämmer geboren hatte. Danach bildeten sie eine 3-Generationen-Gruppe. Es wirkt auf Bildern so, als hätte Mía nur ein einziges Horn, aber das täuscht, sie hat zwei. Das rechte Horn ist eingerollt wie ein klitzekleines Bockhorn. Lísa dagegen ist hornlos (genauer gesagt hat sie minimale Hornspitzen unter dem Haar). Beide Schafe sind ruhig und freundlich, aber möchten nicht gekrault werden.

Pæling: Ferðamátar. *Verkehrsmittel.*

"Þarfasti þjónninn", hesturinn, var aðalferðamáti alla tíð og er í rauninni enn ómissandi í krefjandi aðstæðum í fjöllunum. En oft, sérstaklega í miklum snjó, voru tveir jafnfljótir eini möguleikinn til að komast leiðar sinnar. Þetta er auðvitað í gildi enn í dag – en það er hreint ótrúlegt hvað er hægt að ferðast hratt og þægilega nú á dögum þótt vegleysi og fjalllendi sé …
Das Pferd war Hauptverkehrsmittel seit rund 1200 Jahren und ist bis heute in schwierigem Umfeld unverzichtbar. Aber oft, besonders im Winter, waren die eigenen Füße die einzige Möglichkeit, zum Ziel zu kommen. Auch das gilt bis heute – aber es ist unglaublich, wie schnell und bequem man heutzutage unterwegs sein kann, sogar in den Bergen und wo es keine Wege gibt …



um 1930
Det kongelige danske geografiske selskab









Harpa *(sprich "harpa", r mit der Zungenspitze gerollt)*

22.4. til 22.5.2021; hefst á næsta fimmtudegi eftir 18. apríl og er fyrsti sumarmánuður.

22.4. bis 22.5.2021; beginnt am Donnerstag nach dem 18. April und ist der erste Sommermonat.







Fyrsti gróður tekinn fagnandi!
Das erste Grün weckt Begeisterung!



Eitill og Mjallhvít





Vegagerðin leyfði mér að nota "týndar" stíkur!
Die Straßenbaubehörde erlaubte mir, "gestrandete" Baken zu nutzen!

Apríl

Einmánuður

Harpa

Fim	1		Skírdagur
Fös	2		Föstud. langi
Lau	**3**	24.	
Sun	**4**	☾	Páskadagur
Mán	**5**		Annar í páskum
Þri	6		
Mið	7		
Fim	8		
Fös	9		
Lau	**10**	25.	
Sun	**11**		
Mán	12	15.	●
Þri	13	☾	
Mið	14		
Fim	15		
Fös	16		
Lau	**17**	26.	
Sun	**18**		
Mán	19	16.	
Þri	20	☽	
Mið	21		
Fim	**22**		Sumard. fyrsti
Fös	23		
Lau	24		
Sun	25		
Mán	26	17.	
Þri	27	○	
Mið	28		
Fim	29	2.	
Fös	30		





Um 1900 – Im/Foto: Daniel Bruun

Litur mánaðarins: mórautt *(sprich "mou-röit")*

Mórautt er annar af tveimur grunnlitum sauðfjár – hinn grunnlitur er svart. Mórautt er víkjandi fyrir svörtu og sólin er oft að lýsa litinn aðeins upp á sumrin, auk þess kemur það fyrir að hann "gránar" með árunum ("hélumórautt", sjá litlu myndina). Ég á samtals 7 einlitar mórauðar kindur eins og er: Gústu, Nínu, Funu, Verðandi, Frey, Ronju og Hamingju.

Nína (t.v.) og Funa eru fulltrúar litarins að þessu sinni. Þær eru báðar frá Reykhólum og ég keypti þær sem líflömb haustið 2015. Við Baugur sóttum þær ásamt Helgu og Dóru frá Helgafelli um miðjan nóvember, það var kominn snjór og ferðin var eftirminnileg 12 tíma ævintýri. Lömbin ferðuðust í skottinu og höfðu það bara fínt eftir að þau höfðu raðað sér passlega. Nína heitir í höfuðið á Jónínu á Súluvöllum sem er kona Halldórs sem kenndi okkur Baugi fyrstu smalataktana. (Dóra heitir þess vegna í höfuðið á Halldóri.) Nafnið "Funa" hins vegar bendir á eldrauða litinn hennar og auk þess hljómar það bara vel – Nína og Funa! Þess vegna fannst mér við hæfi að láta þær báðar koma fram á myndinni.

(Rot-)Braun ist eine von zwei Schaf-Grundfarben – die andere Grundfarbe ist Schwarz. Ich persönlich nenne sie Rotbraun in Anlehnung an die isländische Farbbezeichnung, die v. a. das Wort "rot" beinhaltet, was meinem Empfinden nach die Farbe auch am besten wiedergibt. Rotbraun ist rezessiv ("zurückweichend") bezüglich Schwarz und die Sonne hellt die Farbe im Sommer oft etwas auf, außerdem "ergraut" sie gelegentlich mit den Jahren (auf Isländisch dann "raureifrotbraun" genannt, siehe kleines Foto). Ich habe zur Zeit 6 einfarbig rotbraune Schafe: Nína, Funa, Gústa, Verðandi, Freyr und Ronja.

Nína (links) und Funa (sprich "Füna") sind hier die Vertreter der Farbe. Sie stammen beide vom Hof Reykhólar in den südlichen Westfjorden und ich kaufte sie im Herbst 2015. Baugur und ich holten sie Mitte November ab, samt den (damaligen) Lämmern Helga und Dóra vom Hof Helgafell auf Snæfellsnes. Es lag Schnee und die Reise war ein eindrückliches 12-Stunden-Abenteuer, die Lämmer reisten bequem im "Kofferraum" (der bei meinem Auto Fenster hat). Nína heißt nach Jónina auf dem Hof Súluvellir, der Frau von Halldór, der Baugur und mir die ersten Schritte beim Hüten vermittelte. (Dóra heißt dementsprechend nach Halldór.) Funa dagegen kommt von Flamme und deutet auf ihre feuerrote Farbe hin. Außerdem klingt es gut – Nína und Funa! Daher hatte ich das Gefühl, dass sie beide hier auf dem Bild erscheinen sollten.

Pæling: Sauðburður! *Lammzeit!*

Svo gott sem öllum sauðfjárbændum þykir sauðburður skemmtilegasti tími ársins. Sá sem þekki ekki til furðar sig á þessu: örlítið svefn, tímapressa, oftar en ekki kapplaup milli lífs og dauða, mikið álag á líkamann og allt það í margar vikur ... þetta á að vera gaman?! Stórskrýtið en á einhvern ólýsanlegan hátt vegur gleðin alla erfiðleika upp. Tilhlökkun og gleði fylgja sauðburði og eldgamlar tilfinningar mannkynsins vakna til lífs.

So gut wie alle isländischen Schafbauern halten die Lammzeit für die beste Zeit des Jahres. Der Ahnungslose wundert sich: kaum Schlaf, Zeitdruck, teils Wettlauf zwischen Leben und Tod, körperliche Anstrengung und das alles viele Wochen lang ... Es ist bemerkenswert, aber auf eine unbeschreibliche Weise wiegt eine tiefe Freude alle Mühen auf. Uralte Gefühle der Menschheit erwachen zum Leben.

Burðarhjálp – *Geburtshilfe*

Tiltölulega einstök á heimsvísu er umfangsmikil Youtube-rás um burðarhjálp í sauðburði – fleiri en 20 myndbönd bjóða upp á ókeypis leiðbeiningar í kringum allar helstar uppákomur og líka upplýsingar um eðlilegan burð: **tinyurl.com/burdarhjalp**
Höfundur rásarinnar, sem er styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og ýmsum fyrirtækjum, er ég ásamt Axel Kárasyni dýralækni sem kemur einnig fram sem leiðbeinandi. Efnið er líka til á þýsku og á ensku (áhugasamir hafa vinsamlegast samband við mig).

Bisher weltweit einzigartig ist ein umfangreicher Youtube-Kanal über Geburtshilfe beim Schaf – mehr als 20 Videos bieten kostenlose Anleitungen rund um alle wichtigen Geburtsprobleme und auch Informationen über die normale Geburt. Hinter dem Kanal stehen der Tierarzt Axel Kárason, der auch als "Lehrmeister" auftritt, und ich. Das Material liegt nicht nur auf Isländisch, sondern auch auf Deutsch und Englisch vor. Bei Interesse am entsprechenden Link einfach bei mir melden!



Baugur kynnir lambalíkönin úr rásinni – *Baugur stellt die Modell-Lämmer des Kanals vor*

Skerpla *(r mit der Zungenspitze gerollt)*

22.5. til 20.6.2021; hefst á laugardegi í fimmtu viku sumars, þessi dagur getur verið á bilinu 19. til 25. maí.

22.5. bis 20.6.2021; beginnt am Samstag der 5. Sommerwoche, d. h. im Zeitraum vom 19. bis zum 25. Mai.



























Ásta og Seli að kúra í góða veðrinu
Ásta und Seli genießen kuschelnd das gute Wetter



Einn sem er að skera sig út úr hjörðinni ...
Einer fällt etwas aus dem Rahmen ...



Hildur, Magga og Garún



Vinkonur
Freundinnen



Lína, Vildís, Freyja

Maí

Harpa Skerpla

Lau	**1**	**Verkalýðsdagur**
Sun	**2**	
Mán	3	18.☾ **Krossmessa***
Þri	4	
Mið	5	
Fim	6	3.
Fös	7	
Lau	**8**	
Sun	**9**	**Mæðradagurinn**
Mán	10	19.
Þri	11	●
Mið	12	
Fim	13	4. **Uppstigndag.**
Fös	14	Krossmessa**
Lau	**15**	
Sun	**16**	
Mán	17	20.
Þri	18	
Mið	19	☽
Fim	**20**	5.
Fös	21	
Lau	**22**	
Sun	**23**	**Hvítasunnud.**
Mán	24	Annar í Hvítas.
Þri	25	
Mið	26	○
Fim	27	6.
Fös	28	
Lau	**29**	
Sun	**30**	
Mán	31	22.

* Vinnuhjúaskildagi í gamla stíl og víða á Austurlandi
** Vinnuhjúaskildagi síðan 1700 nema víða á Austurlandi









Litur mánaðarins: grámórautt *(spr. "grau-mou-röit")*

Grámórautt er sama "mynstur" og grátt, bara að það leggst ofan á grunnlitinn mórautt. Fæturnir, og á haustinn og veturna einnig andlitið eru mórauð en þelið hvítt, ljósmórautt eða jafnvel silfurgrátt, togið mórautt (allt frá dökkmórauðu að ljósappelsínugulu). Grámórauðar kindur fæðast mórauðar en örfá hvít hár, sérstaklega við snoppu og eyru, benda á tilvonandi grámórauða litinn. Tungan er alltaf (ljós-)bleik, ekki dökkbleik/mórauð eins og í mórauðum lömbum. Eftir nokkrar vikur myndast einnig hvítar rendur rétt ofan við klaufirnar sem sjást vel á myndinni fyrir ofan. Andlitið er að mestu "móhvítt" á vorin og sumrin (sjá litlu myndina) en venjulega mórautt á haustin og veturna. Örfáar grámórauðar kindur (eins og Þoka mín) skipta ekki um andlitslit eftir árstíðum heldur eru alltaf með mórautt andlit (í hennar tilfelli ljósappelsínugult). Liturinn er mjög óvinsæll hjá Ístex (og þar af leiðandi mjög sjaldgæfur) en afar eftirsóttur hjá handverksfólki. Ég á meira að segja fleiri grámórauðar kindur en mórauðar, nefnilega 8 sem eru ekki með annað mynstur auk þess: Þoku, Grámóra, Sprota, Freyju, Fríðu, Gísla, Uglu og Vildísi.

Sproti er fæddur 2016, foreldrar hans eru Gústa og Njáll. Hann er faðir um það bil helmings lambanna sem fæddust 2017. Eftir það var hann geltur en hagar sér enn sem "aðalhrútur" hjarðarinnar á fengitímanum. Þegar hann fæddist var hann sléttkollóttur á meðan Grámóri albróðir hans sýndi þegar pínulítil horn. Næsta vor skiptu þeir og Sproti fékk alvöru og mjög falleg horn en Grámóri hélt dæmigerðu mjóu sauðahornunum sínum (sem eru engu að síður falleg). Þótt Sproti geti verið harkalegur gagnvart meðsauðunum sínum ef það snýst um blæsmurnar dagsins er hann ávallt afar kurteis og vinalegur við mig og vini mína. Hann elskar að vera klóraður og biður um það á einstaklega ljúfan hátt. Síðast enn ekki síst erfði hann hluta af forystueiginleikum móður sinnar.

Rotgrau (kein offizieller Begriff) ist dasselbe Muster wie Grau, nur legt es sich über die Grundfarbe Rotbraun. Die Beine und im Herbst und Winter auch das Gesicht sind rotbraun, aber die Unterwolle weiß, hellrot oder sogar silbergrau, das Deckhaar rotbraun (alles von dunkelrotbraun bis zu hellorange). Rotgraue Schafe werden rotbraun geboren, aber einige weiße Haare, besonders an Mäulchen und Ohren, deuten auf die künftige rotgraue Farbe hin. Die Zunge ist immer (hell-) rosa, nicht dunkelrosa/rotbraun wie bei rotbraunen Lämmern. Nach einigen Wochen zeigen sich weiße Ränder direkt oberhalb der Klauen, die auf dem obigen Foto gut zu erkennen sind. Das Gesicht ist weitgehend "hellrotweiß" im Frühling und Sommer (s. kleines Foto), aber normal rotbraun im Herbst und Winter. Einzelne rotgraue Schafe (wie meine Þoka) wechseln nicht jahreszeitgebunden die Gesichtsfarbe, sondern haben stets ein rotbraunes Gesicht (in ihrem Fall orange). Die Farbe ist sehr unbeliebt bei der Wollindustrie (und dementsprechend sehr selten), aber äußerst begehrt unter Wollliebhabern. Ich habe sogar mehr rotgraue Schafe als rotbraune, nämlich 8, die kein weiteres Muster aufweisen: Þoka, Grámóri, Sproti, Freyja, Fríða, Gísli, Ugla und Vildís.

Sproti wurde 2016 geboren, seine Eltern sind Gústa und Njáll. Er ist der Vater der Hälfte der Lämmer, die 2017 geboren wurden. Danach wurde er kastriert, aber fühlt sich in der Deckzeit immer noch als "Hauptbock" der Herde. Er wurde völlig hornlos geboren, während sein Bruder Grámóri bereits kleine Hornansätze zeigte. Im nächsten Frühling "tauschten" sie und Sproti bekam "richtige" schicke Hörner, während Grámóri seine typischen schmalen Hammelhörner behielt (auch schön). Obwohl Sproti seinen Mithammeln gegenüber drastisch auftreten kann, wenn es um die brünstigen Damen des Tages geht, ist er überaus höflich und freundlich zu mir und meinen Freunden. Er wird sehr gern gekrault. Und nicht zuletzt hat er einen Teil der Anführerschafeigenschaften seiner Mutter geerbt.

Sólmánuður *("soul-maunüthür")*

21.6. til 24.7.2021; hann hefst á mánudegi í 9. viku sumars (18. til 24. júní).

21.6. bis 24.7.2021; beginnt am Montag der 9. Sommerwoche (18. bis 24. Juni).



Pæling: Fjallalíf = sjálfbærni!

Fjallalíf íslenska sauðkindinnar – í mörgum pistlum "lausaganga búfjár" – er gömul hefð sem er orðin næstum einstakt í vestrænum heimi. Þriggja mánaða frelsi í hálendinu eða í fjöllunum hefur ómetanleg áhrif á þroska sauðfjár, sérstaklega lambanna. Einmitt, lömbin verða vænna en láglendislömb. En ég er aðallega að tala um "andlegan" þroska og um líkamlega hæfileika, í rauninni samspil beggja. Þetta er sumarlangt villifjárlíf ár eftir ár, eins og kindur lifðu í þúsunda ára áður en mannkyninu datt í hug að rækta sauðfé sem húsdýr.

Villifé þarf að vera greint. Ratvíst, sterkt, þolinmótt og veðurglöggt. Með tilfinningu fyrir bestu leiðinni yfir ána. Í gegnum skafla. Á svelli. Í skriðu. Ratvíst í stórhríð og svartaþoku. Margir þessara hæfileika eru enn í fullum blóma í íslensku sauðkindinni, ekki einungis í forystufé. Þessir hæfileikar koma auðvitað ekki af sjálfu sér. Það þarf að þjálfa þá strax meðan skepnan er enn lamb. "Heimskt er heimaalið barn." Sauðkindin er víða í Mið-Evrópu táknmyndin heimskunnar. Í Mið-Evrópu er lausaganga búfjár bönnuð. Þarf ég að segja meira?

Meintar framfarir (fé í heimahögum) eru í rauninni afturför og tap. Tap eiginleika sem gera skepnur að sjálfstæðum persónuleikum – sem geta bjargað sér. Í rauninni vorkenni ég fólki sem talar hástöfum á móti "óþolandi lausagöngu búfjár" – því líklega er það innst í sér að öfunda þetta lausgangandi búfé. Þetta fólk er innilokað í risaþéttbýlinu "höfuðborgarsvæðisins" þar sem bílaumferðin, himinháar byggingar eða girðingar, helst ógagnsæar, ráða ferðinni. Ég held að það sé engin tilviljun að glæpamennskan á Íslandi er varla til – nema á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem frelsið vantar, vex tilgangsleysi, heimska, öfund, hatur. Er frelsið ekki ein helsta táknmynd "vestræna" heimsins? Og þá á að banna síðustu leifar sannkallaðs frelsis – búfé sem gengur laust?

Á sama tíma er talað um sjálfbærni, allt á að verða sjálfbært. Það má benda á það að fjallafé notar auðlindir sem mannfólk gæti ekki nýtt sér á beinan hátt. Þessar auðlindir eru víða (!) í boði í mjög ríkum mæli fyrir það fáa fé sem til er nú á dögum miðað við núnda áratug á meðan ofbeit var í algleymingi. Fjallafé breytir "sjálfkrafa" grasi, öðrum plöntum og flettum í hágæða vörur: mjólk og kjöt og ull. Á sama tíma gefur það frá sér fræ og áburð. Þetta kallast sjálfbærni. Líf í sátt við náttúru. Þannig að: Við höfum val – veljum frelsið.



Fjallafrelsi – Bergfreiheit



Ættarsvipur – *Familienähnlichkeit:*
Seli, Dóra, Hildur





Garún elskar að láta klóra sér
Garún liebt es, gekrault zu werden

Júní

Skerpla

Þri 1
Mið 2 ☾
Fim 3 *7.* Fardagaár
Fös 4
Lau 5
Sun 6 *Sjómannad.*
Mán 7 23.
Þri 8
Mið 9
Fim 10 *8.* ●
Fös 11
Lau 12
Sun 13
Mán 14 24.
Þri 15
Mið 16
Fim 17 *9.* *Þjóðhátíðard.*
Fös 18 ☽
Lau 19
Sun 20

Sólmánuður

Mán 21 25.
Þri 22
Mið 23
Fim 24 *10.* ○ Jónsmessa
Fös 25
Lau 26 Fæðingard. fors.
Sun 27
Mán 28 26.
Þri 29
Mið 30





Austur-Húnavatnssýsla um 1900.
Lm/Fotos Daniel Bruun



Reykjahlíð (Mývatnssveit), um 1900.
Lm/Fotos: Daniel Bruun

Litur mánaðarins: móbotnótt *(sprich "mou-bottn-out")*

Botnótta mynstrið kemur ekki bara fyrir á svörtum kindum, heldur líka á mórauðum. Bolurinn og andlitið eru mórauð og liturinn þar hagar sér eins og ég lýsti á maí-síðunni en "neðri hlutinn" er ljósgult eða hvítt, auk þess eru blettir í sama lit fyrir "framan" augun og hárin í eyrunum eru líka ljós. Ég á einungis 1 móbotnótta kind sem er ekki með annað mynstur í viðbót: Glóu.

Glóa er fædd 2017, foreldrar hennar eru Hildur og Sproti. Hildur var bara gemlingur þá og tvílembd þannig að Glóa og Lilja systir voru pínulítlar þegar þær komu í heiminn. Þær eru reyndar ennþá minni en langflestar hinna kindanna en Hildur mjólkaði vel og sá vel um lömbin sín þannig að stærðin er eini munurinn miðað við hinar, annars eru þær hraustar, sterkbyggðar og fullar af sjálfstrausti. Glóa meiddist á fæti fyrsta sumarið og þess vegna vorum við í nánum samskiptum í nokkra daga í röð. Hún var óvenju skynsöm við allar meðferðir og varð strax mjög gæf. Síðan höfum við verið miklar vinkonur og hún kemur alltaf til mín þegar ég er að kalla á hana í haganum (og oftast líka þegar ég er ekki að kalla – bara til að láta klóra sér!).

Das Muster "botnótt" kommt nicht nur bei schwarzen, sondern auch bei rotbraunen Schafen vor. Der Körper und das Gesicht sind rotbraun und die Farbe verhält sich so wie auf dem Mai-Blatt beschrieben, aber die "Unterseite" ist hellgelb oder weiß, zudem gibt es längliche Flecken derselben Farbe "vor" den Augen und die Haare in den Ohren sind ebenfalls hell. Ich habe lediglich 1 Schaf in dieser Farbe ohne weitere Muster: Glóa (sprich "Gloua".

Glóa wurde 2017 geboren, ihre Eltern sind Hildur und Sproti. Hildur war damals erst ein Jahr alt und es waren Zwillinge, so dass Glóa und ihre Schwester Lilja winzig klein waren, als sie auf die Welt kamen. Sie sind auch jetzt noch kleiner als die allermeisten anderen Schafe, aber Hildur gab viel Milch und kümmerte sich gut um ihre Lämmer, so dass die Kleinheit der einzige Unterschied zu den anderen Schafen ist, ansonsten sind sie robust, stark gebaut und selbstbewusst. Glóa verletzte sich im ersten Sommer am Bein und so hatten wir einige Tage lang engen Kontakt. Sie war ungewöhnlich vernünftig bei allen Behandlungen und wurde sofort sehr zahm. Seitdem sind wir beste Freundinnen und sie kommt immer zu mir, wenn ich sie draußen rufe (und oft auch dann, wenn ich sie nicht rufe – nur um sich kraulen zu lassen!).

Pæling: Heyskapur. *Heuernte.*

Þetta er í rauninni aðdragandinn að pælinginni í mars-mánuði. Það borgar sig einu sinni enn að skoða smáatriðin í myndunum. Hvert strá var dýrmætt, allt framleitt með handafli og borið heim með hestafli. Öll fjölskyldan var með ásamt vinnufólki og auk þess oft kaupafólk. Vetrarbeit var þess vegna ómissandi þáttur búskapsins – til að spara hey. Frábær bók um heyskap í gamla daga kom út 2018: Þórður Tómasson, Heyannir.
Dies ist eigentlich die Vorgeschichte zu den Überlegungen im März-Blatt. Es zahlt sich wiederum aus, die Einzelheiten in den Fotos zu betrachten. Jeder Heuhalm ist kostbar, alles von Hand erarbeitet und auf dem Pferderücken nach Hause gebracht. Die ganze Familie arbeitete mit, samt Mägden und Knechten, oft auch noch Lohnarbeiter. Daher war das Weiden im Winter so wichtig: um Heu zu sparen.

Heyannir

25.7. til 23.8.2021; hefjast á sunnudegi eftir aukanætur milli sólmánaðar og heyanna á miðju sumri (23. til 30. júlí).

25.7. bis 23.8.2021; der Beginn ist am Sonntag nach den "aukanætur" (Zusatznächten, sprich "öika-naitür"), kann also vom 23. bis 30. Juli sein. Die vier Zusatznächte zwischen sólmánuður und heyannir gehören keinem Monat an.





Um 1935. Póstkort úr safni Kristjáns Runólfssonar.
Postkarte us der Sammlung von Kristján Runólfsson.



Kl. 2 að nóttu
Um 2 Uhr nachts



Spói – *Regenbrachvogel*



Seli forystuhrútur



Biðröð við saltsteininn
Warteschlange am Salzstein

JÚLÍ

Sólmánuður

Fim 1 *11.* ☾
Fös 2
Lau 3
Sun 4
Mán 5 27.
Þri 6
Mið 7
Fim 8 *12.*
Fös 9
Lau 10 ●
Sun 11
Mán 12 28.
Þri 13
Mið 14
Fim 15 *13.*
Fös 16
Lau 17 ☽
Sun 18
Mán 19 29.
Þri 20
Mið 21
Fim 22 *14.*
Fös 23
Lau 24 ○
Sun 25
Mán 26 30.
Þri 27
Mið 28
Fim 29 *15.*
Fös 30
Lau 31 ☾

aukanætur

Heyannir



Litur mánaðarins: mógolsótt *(sprich "mou-golls-out")*

Einnig golsótta mynstrið kemur fyrir í báðum grunnlitum, þannig líka í mórauðu. Bolurinn er ljósgulur en "neðri hlutinn" ásamt fótunum mórauður, auk þess er mórautt mynstur í annars frekar ljósu andliti og hárin í eyrunum eru líka mórauð. Tungan er venjulega dökkbleik/mórauð. Ljósguli bolurinn er oft "flekkóttur" á lömbum en þessi litamunur hverfur fyrsta haustið. Líkt og við grámórauða litinn er andlitið dekkra á haustin og veturna en ljósara á vorin og sumrin. Golsótt er tiltölulega sjaldgæft mynstur og mógolsótt enn sjaldgæfara þar sem mórautt er sem sagt víkjandi fyrir svörtu. Ég á einungis 1 mógolsótta kind: Njál.

Mamma Njáls er Mía sem kemur fram á apríl-síðunni, allur golsóttur litur í hjörðinni minni kemur frá henni. Njáll er smáhnýflóttur, hnýflarnir hans detta reglulega af með nokkurra mánaða millibil en vaxa svo á ný. Hann er stór og ullarmikill sauður í dag, ekki gæfur en áhugasamur og rólegur í umgengni.

Auch golsótt kommt bei beiden Grundfarben vor, also auch bei Rotbraun. Der Körper ist hell- oder goldgelb, aber der "untere Teil" mitsamt den Beinen rotbraun, zudem ist das ansonsten relativ helle Gesicht rotbraun gemustert und die Haare in den Ohren sind ebenfalls rotbraun. Die Zunge ist normalerweise dunkelrosa/rotbraun. Der hellgelbe Körper ist bei Lämmern oft "gefleckt", aber dieser Farbunterschied verschwindet im ersten Herbst. Ähnlich wie bei rotgrauen Schafen ist das Gesicht im Herbst und Winter dunkler und im Frühjahr und Sommer heller. Golsótt ist ein vergleichsweise seltenes Muster und rotbraun-golsótt dementsprechend noch seltener, da Rotbraun gegenüber Schwarz wie gesagt rezessiv ist. Ich habe nur 1 rotbraun-golsóttes Schaf: Njáll (sprich "Njautl", wobei das l stimmlos ist).

Njálls Mutter ist Mía, die auf der April-Seite vorkommt, alle Vorkommen des Musters golsótt in meiner Herde sind auf sie zurückzuführen. Njáll hat kleine "Zipfelhörner", die regelmäßig alle paar Monate abfallen und dann wieder neu nachwachsen. Heute ist er ein großer Hammel mit viel Wolle, nicht zutraulich, aber interessiert und ruhig im Umgang.

Pæling: Veðurspá. *Wettervorhersage.*

Í gömlum bókum er oft sagt frá því að bóndinn fór út um morguninn, leit í kringum sig og spáði í veðrið. Ég geri það líka, reyndar allan daginn á meðan ég er úti og fyrst ég er svo lánsöm (miðað við bóndann í torfbæ) að hafa stóra glugga í allar áttir geri ég eins á meðan ég er inni. Einhvern veginn hefur það verið venja síðan ég var 10 ára og rakst á leiðbeiningarbókina "Hvernig verður veðrið?". Bráðum kom í ljós að hver og einn staður hefur sitt sérstakt veður og "spámerki". Ég þurfti fyrst að læra að lesa í Hvammshlíðarveðrið eftir að við vorum flutt í fjöllin, það er auðvitað öðruvísi en í Hegranesi. Mikilvægt er að horfa sem oftast til himins, skoða hvernig skýin og vindáttir þróast. Og seint á haustin og á veturna eru kindurnar mínar að spá fyrir mig. Á meðan þær eru rólegar uppi á fjalli eða frekar langt frá bænum á beit get ég verið róleg, það verður örugglega engin stórhríð á næstunni. Það er auðvitað mikil forréttindi! Samt mæli ég með vedur.is auk þess og sérstaklega vindaspákortinu.
Ich beobachte ständig das Wetter und versuche es vorherzusagen – draußen und dank meiner Fenster in alle Richtungen auch, während ich drinnen bin. Wie entwickeln sich Wolken und Windrichtungen? Jeder Ort hat sein eigenes Wetter und eigene "Vorhersagemerkmale". Im Winter sagen mir meine Schafe das Wetter voraus. Solange sie recht weit entfernt vom Haus ruhig weiden, wird es ganz sicher in den nächsten Stunden keinen Schneesturm geben.

Tvímánuður *(sprich twie-maunü-thür, th = ti-eitsch)*

24.8. til 22.9.2021; hefst á þriðjudegi í 18. viku sumars (eða á bilinu 22. til 28. ágúst) eða hinni 19. viku ef sumarauki er (en það verður ekki fyrr en 2023).

24.8. bis 22.9.2021; beginnt am Dienstag der 18. Sommerwoche (22. bis 28. August) oder in der 19. Sommerwoche, falls es sich um ein Jahr mit sumarauki (sprich sümar-öiki, "Sommerzusatz") handelt – was aber erst 2023 das nächste Mal passieren wird.

Mér finnst gaman að taka myndir af tilkomumiklum skýjum ásamt þoku. Þessar myndir eru teknar á mismunandi árstímum, sú til hægri í ágúst 2020 þegar gul viðvörun varðandi suðvestanstorm var gefin út. Við sluppum vel úr því, það var verra annars staðar.
Ich mache gern Fotos von beeindruckenden Wolken und Nebel. Diese Bilder sind in verschiedenen Jahreszeiten entstanden, das rechts im August 2020, als ein Südweststurm bevorstand. Bei uns ging er gut aus.

















Lína



Þoka í Norðurárdalnum
Nebel im Tal



Baugur og Ásta: Stórukeppni. *Anstarrwettkampf.*



Ásta: "Ok, þú vannst ..." *"Ok, du hast gewonnen ..."*



Kappi

Ágúst

Heyannir

Sun 1 Verslunarm.helgi
Mán 2 31. Frídagur verslunarmanna
Þri 3
Mið 4
Fim 5 16.
Fös 6
Lau 7
Sun 8 ●
Mán 9 32.
Þri 10
Mið 11
Fim 12 17.
Fös 13
Lau 14
Sun 15 ☽
Mán 16 33.
Þri 17
Mið 18
Fim 19 18.
Fös 20
Lau 21
Sun 22 ○
Mán 23 34.
Þri 24
Mið 25
Fim 26 19.
Fös 27
Lau 28 Höfuðdagur
Sun 29
Mán 30 35. ☾
Þri 31

Tvímánuður



Litur mánaðarins: móflekkótt *(sprich "mou-fleck-out")*

Flekkótta mynstrið útskýrir sig sjálft – misstórir blettir, í þessu tilfelli mórauðir, á hvítum grunni. Reyndar er það eiginlega öfugt: Grunnliturinn er mórauður en á ákveðnum svæðum vantar lit, þess vegna eru þau hvít. Lögun blettanna er arfgeng þannig að það er algengt að sjá lömb sem "afrit" móður sinnar eins og á stóru myndinni fyrir ofan. Strangt tiltekið er samt engin þeirra mædgna virkilega móflekkótt heldur þær allar eru með annað mynstur í viðbót – Heiðrún og Solrún (t.v.) eru grámóflekk-óttar, þ.e. með grátt mynstur, og Lína (t.h.) er móbotnuflekkótt, þ.e. með botnótt mynstur. En lambið á litlu myndinni er "hreinmóflekkótt", nánar tiltekið arnhosublesótt. Það eru til ótal heiti yfir lögun blettanna, t.d. höttótt, kápótt, bíldótt osf. Lambið er eina "hreinmóflekkótta" kindin sem ég á og hún heitir Magga.

Magga er fædd 2020 undan Hildi og sæðingahrútnum Nikulási frá Brakanda. Nikulás er forystuhrútur með líkt mynstur sem kemur tiltölulega oft fyrir á forystufé. Skynsöm, háreist og háfætt – pabbinn leynir sér ekki. Það verður spennandi að sjá hvaða forystueiginleikar munu koma fram með tímanum.

Das Muster "gefleckt" (auf Deutsch eigentlich "gescheckt", aber ich bleibe hier bei der isländischen Form) erklärt sich selbst – unterschiedlich große Flecken, in diesem Fall rotbraune, auf weißem Grund. Wenn man es genau nimmt, ist es eigentlich umgekehrt: Die Grundfarbe ist Rotbraun, aber an bestimmten Stellen fehlt die Farbe, deswegen sind sie weiß. Die Form der Flecken ist erblich, so dass man oft Lämmer sehen kann, die wie eine "Kopie" ihrer Mutter wirken wie auf dem großen Bild oben. Strenggenommen ist jedoch keine der drei Abgebildeten wirklich rotbraungefleckt, sondern sie alle haben außerdem ein weiteres Muster – Heiðrún und Sólrún (links) sind rotgraugefleckt, d. h. mit grauem Muster, und Lína (rechts) ist rotbraun-botnótt-gefleckt (auf Isländisch kompakter "móbotnuflekkótt"), also mit dem Muster botnótt. Aber das Lamm auf dem kleinen Bild ist "reinrotbraungefleckt". Jenes Lamm ist mein einziges "reinrotbraungeflecktes" Schaf und sie heißt Magga.*

Magga ist 2020 geboren, ihre Eltern sind Hildur und der Besamungsbock Nikulás frá Brakanda (s. Vorwort). Nikulás (sprich "Nikülaus") ist ein Bock der besonderen Zuchtlinie der Anführerschafe (isl. forystufé, sprich "foristü-fjä") mit ähnlichem Muster, das bei Anführerschafen relativ verbreitet ist. Magga ist vernünftig, hoch aufgerichtet und hochbeinig – ganz der Papa. Die weitere Entwicklung wird spannend.

Haustmánuður *(spr. "höist-maunüthür", th = ti-eitsch)*

23.9. til 22.10.2021; hefst á fimmtudegi í 23. viku sumars eða á bilinu 21. til 27. september en í 24. viku sumars ef sumarauki er (sjá ágústsíðuna).

23.9. bis 22.10.2021; beginnt am Donnerstag der 23. Sommerwoche bzw. zwischen dem 21. und 27. September), außer wenn sumarauki, "Sommerzusatz" eingefügt wird: dann in der 24. Sommerwoche (→ Augustblatt).

** Im Isländischen haben die verschiedenen Musterverteilungen jeweils eigene Bezeichnungen, die man auf Deutsch teilweise nur schwer wiedergeben kann – am ehesten noch die Begriffe "kapuzig", "mantelig" oder auch "adlerfarben" (mit weißem Kragen).*

Pæling: Tilviljun? *Zufall?*

Að vissu leyti er það stórskrýtið en mín tilfinning er að það hefur margt breyst síðan ég flutti í Hvammshlíð. Sérstaklega finnst mér að mjög ólíklegar "tilviljanir" komi miklu oftar fyrir en áður. Mér sýnist að það hafi furðu mikil áhrif að óska sér einhvers. Oftar en ekki rætist óskin. Stundum hefur hún þá óvæntar afleiðingar. Það kenndi mér að hugsa málin (hér: óskir) alla leið áður en þau verða alvöru óskir. En núna vil ég segja frá nokkrum ótrúlega ólíklegum tilfellum sem eru samt sannar sögur.

Dæmi 1 – sem eru eiginlega 3 dæmi í einu. Haustið 2018 gat ég sem sagt keypt hentugan Zetor á hagstæðu verði. En það vantaði ýmislegt sem er ómissandi fyrir hlutverkið sem hann átti að þjóna, sérstaklega mikilvægt voru ámoksturstæki og rúllugreip. Tæki kosta ný ótrúlega mikið, en að sama skapi er erfitt að finna notað eintak sem hentar á vélina. Ég setti "óska eftir"-auglýsingu í Facebook-hóp. Og viti menn, innan fárra klukkutíma var ég búin að festa mér bæði tæki og rúllugreip! Þetta var 1. tilviljun. En bæði voru fyrir sunnan og þetta er ekkert sem maður sendir í pósti. Þá kom í ljós að það voru ekki nema 5 km á milli bæjanna tveggja! Þetta var 2. tilviljun. Næst sagði Matta vinkona mér að hún ætlaði fljótlega að fara suður. Nefnilega rétt framhjá þessum bæjum! Hún bauð mér strax að taka kerru með sér og sækja "dótið". Það var 3. tilviljun.

Dæmi 2. Nú vantaði ekki nema keðjur fyrir afturdekkin. Eitt kvöld í nóvember hringdi maðurinn sem hafði selt mér notuðu framhjólakeðjurnar. Hann benti mér á mann sem væri með góðar keðjur til sölu. Ég hringdi í manninn, verðið var mjög gott, ég sló til. En hann bjó í Reykjavík. Sama kvöld hafði frændi Braga nágranna hringt í mig og spurt um leyfi til rjúpnaveiðar næsta morgun. Hann bjó líka í Reykjavík! Ég bjallaði í hann, klukkan var orðin hálf tíu, og 20 mínútum seinna var hann kominn með keðjurnar í skottið. Og 12 tímum eftir fyrsta símkallið var ég komin með þær á vélaverkstæðið!

Dæmi 3. Í nóvember 2019 var stormur í aðsigi á meðan ég var enn að vinna á fjárhúsþaki. Það varð að klára þakið áður en stormurinn átti að byrja sömu nótt. Um morguninn fór ég út með hundana og hugsaði með mér hvað það væri gott að vera með einn eða tvo vinnumenn rétt núna. Þá sá ég bíl á melnum og þrír vinalegir hraustir karlar löbbuðu á móti mér. "Megum við að veiða rjúpur í fjallinu þínu? Við getum auðvitað borgað fyrir það." – "Bara gott mál, ef þið kaupið dagatal í staðinn!" Þeir labba upp fjallið en koma þegar um tvöleytið niður. Ég er að vinna á fullu á þakinu. "Eigum við ekki að hjálpa þér?" – "Já takk, það væri bara æðislegt ..." Innan tveggja tíma var allt klárt, rétt áður en það var orðið dimmt! Þannig að: **Það er margt hægt þótt ég geti ekki haft bein áhrif.** Og: **Það borgar sig að óska sér.**



Tækin og rúllugreipin komin!
Frontlader und Ballengreifer!



Keðjurnar komnar á vélina – allt klárt til heimfarar!
Ketten sind drauf – alles bereit zur Heimfahrt!



Óvæntu "vinnumennirnir" þrír.
Die unerwarteten drei "Mitarbeiter".

In gewisser Weise ist es merkwürdig, aber es hat sich vieles verändert, seit ich in die Berge gezogen bin. Besonders kommt es mir so vor, dass sehr unwahrscheinliche "Zufälle" wesentlich öfter vorkommen als vorher. Es scheint, dass es bemerkenswert großen Einfluss hat, sich etwas zu wünschen. Häufig wird der Wunsch erfüllt. Das lehrte mich, die Dinge (hier: Wünsche) zu Ende zu denken, bevor sie zu ernsthaften Wünschen werden. Aber nun möchte ich von einigen unglaublich unwahrscheinlichen Zufällen erzählen, die aber tatsächlich wahre Begebenheiten sind.

***Beispiel 1** – eigentlich 3 Beispiele in einem. Im Herbst 2018 konnte ich wie gesagt einen passenden Traktor zu günstigem Preis kaufen. Aber es fehlte noch verschiedenes, das für den Einsatz bei mir unverzichtbar war, insbesondere ein Frontlader und ein Ballengreifer. Neue Frontlader sind extrem teuer, gleichzeitig ist es schwer, gebrauchte zu finden, die zum Traktor passen. Ich setzte eine "Suchanzeige" in eine entsprechende Facebook-Gruppe. Und man glaubt es kaum, nach wenigen Stunden hatte ich mir sowohl Frontlader als auch Ballengreifer gesichert! Das war der 1. Zufall. Aber beide waren in Südisland und sowas schickt man natürlich nicht mit der Post. Da zeigte sich, dass die beiden Höfe lediglich 5 km voneinander entfernt waren! Das war der 2. Zufall. Als nächstes sagte mir meine Freundin Matta, dass sie in Kürze ins Südland fahren wollte. Genau vorbei an diesen beiden Höfen! Sie bot mir sofort an, einen Anhänger mitzunehmen und die Sachen abzuholen. Das war der 3. Zufall.*

***Beispiel 2.** Inzwischen fehlten nur noch Ketten für die Hinterreifen. Eines Abends im November rief der Mann an, der mir die gebrauchten Ketten für die Vorderreifen verkauft hatte. Er nannte mir einen Mann, der gute Ketten abgeben wollte. Ich rief ihn an, der Preis war sehr gut, ich schlug ein. Aber er wohnte in Reykjavík. Am selben Abend hatte ein Verwandter meines verstorbenen Nachbarn angerufen, ob er am nächsten Morgen auf meinem Berg auf Schneehuhnjagd gehen dürfe. Er wohnte auch in Reykjavík! Ich griff wieder zum Telefon, inzwischen 21.30 Uhr, und 20 Minuten später lagen die Ketten in seinem Kofferraum. Und 12 Stunden nach dem ersten Telefonat hatte ich sie in der Maschinenwerkstatt abgeliefert!*

***Beispiel 3.** Im November 2019 stand ein Sturm bevor, als ich noch am Stalldach arbeitete. Das Dach musste fertigwerden, bevor in der Nacht der Sturm kommen sollte. Morgens ging ich mit den Hunden nach draußen und dachte, wie gut es wäre, genau jetzt einen oder zwei Mitarbeiter zu haben. Da sah ich ein Auto auf dem Hügel und drei freundliche starke Männer kamen mir entgegen. Sie wollten um Erlaubnis bitten, Schneehühner zu jagen. Kein Problem. Schon um 14 Uhr sind sie zurück – ich arbeite mit Hochdruck am Dach. "Sollen wir dir helfen?" Innerhalb von zwei Stunden war alles fertig, genau rechtzeitig vor der Dunkelheit!*

Also: ***Vieles ist möglich, auch wenn ich es nicht direkt steuern kann.*** *Und:* ***Wünsche lohnen sich.***



Baugur: hauslitir – og haustilmur!
Baugur: Herbstfarben – und Herbstduft!



Í Skrapatungurétt
Nach dem Schafabtrieb – im großen Sammelpferch



Það fer að grána í fjöllunum
Die Berge beginnen weiß zu werden



Funa, Elín, Drottning

September

Tvímánuður

Mið 1
Fim 2 20.
Fös 3
Lau 4
Sun 5
Mán 6 36.
Þri 7 •
Mið 8
Fim 9 21.
Fös 10
Lau 11
Sun 12
Mán 13 37. ☽
Þri 14
Mið 15
Fim 16 22.
Fös 17
Lau 18
Sun 19
Mán 20 38. ○
Þri 21
Mið 22
Fim 23 23.
Fös 24
Lau 25
Sun 26
Mán 27 39.
Þri 28
Mið 29 ☾
Fim 30 24.

Haustmánuður



Litur mánaðarins: hvítt *(sprich "kwiet")*

Hvítt er líka mynstur sem leggst ofan á grunnlit, hvort sem hann er svartur eða mórauður. Í þessu tilfelli vantar lit í ullina. Það gerist í mismunandi miklum mæli, margar hvítar kindur eru með litla dökka bletti í andliti (sjá litlu myndina) eða jafnvel á bolnum, sumar eru gular í andliti og á fæturna, stundum er jafnvel ullin gul. Í þessum tilfellum er talað um "gula" kind í staðinn fyrir hvíta (stóra myndin). Allir litir og mynstur eru víkjandi fyrir hvítu en það er spennandi að spá í hvaða litir leynast í hvítri kind. Ef maður skoðar liti formæðra og -feðra og svo liti afkvæmanna er oft hægt að leysa þessa ráðgátu. Út af þessu veit ég t.d. að Harpa, sem sést á stóru myndinni, var eiginlega grágolsótt. Frosti á litlu myndinni er mjög líklega gráflekkóttur. Ég á ekki nema 3 hvítar kindur eins og er: Frosta, Braga og Drífanda.

Frosti fæddist 2016 sem lambakonungur og tvílembingur og hreinhvíti liturinn hans bendir til að hann sé flekkóttur "undir hvítu" eins og Drottning, mamma hans (sjá nóvember-síðuna). Drotting var gemlingur þegar hann fæddist. Einhvern veginn fannst henni að það sé nóg að eiga eitt stórt hvítt lamb en ekki annað lítið svart (eða reyndar grátt) lamb í viðbót. Loki, litla "svarta" lambið, fann sér fósturmömmu í staðinn (já, hann prófaði hjá öllum mæðrum og Helga var til í að taka hann sem fósturson þótt hún væri gemlingur sjálf). Þannig ólst Frosti upp sem einlembingur. Hann var geltur fyrsta haustið og er stór og myndarlegur sauður með mikla mjúka ull í dag. Honum finnst mjög gott að láta klóra sér en hann er samt ávallt kurteis.

Weiß ist ebenfalls ein Muster, das sich über eine Grundfarbe legt – egal ob Schwarz oder Rotbraun. In diesem Fall fehlt in der Wolle die Farbe. In welchem Umfang, ist jedoch unterschiedlich, viele weiße Schafe haben kleine dunkle Flecken im Gesicht (kleines Foto) oder sogar am Körper, manche sind gelb im Gesicht und an den Beinen, manchmal ist auch die Wolle gelb. Dann spricht man im Isländischen von einem "gelben" Schaf statt einem weißen (großes Bild). Weiß ist dominant über alle Farben und Muster, aber es ist interessant zu überlegen, welche Farben sich in einem weißen Schaf verstecken. Wenn man die Farben der Vorfahren und der Nachkommen betrachtet, ist es oft möglich, das Rätsel zu lösen. Daher weiß ich z. B., dass Harpa (großes Bild) eigentlich grau-golsótt war. Frosti (kleines Bild) ist sehr wahrscheinlich grau-gefleckt. Ich habe derzeit nur 3 weiße Schafe: Frosti, Bragi und Drífandi.

Frosti wurde 2016 als Zwilling geboren und seine reinweiße Farbe deutet darauf hin, dass er "unter dem Weiß" gefleckt ist wie Drottning, seine Mutter (s. November-Blatt). Drottning war erst ein Jahr alt bei seiner Geburt. Irgendwie fand sie ein großes weißes Lamm ausreichend, sie brauchte nicht noch ein kleines schwarzes (eigentlich graues) Lamm zusätzlich. Loki, das kleine "schwarze" Lamm, suchte sich eine Pflegemutter stattdessen (ja, er probierte es bei allen Müttern und Helga war bereit ihn zu nehmen, obwohl sie selbst auch erst ein Jahr alt war). So wuchs Frosti als Einzellamm auf. Er wurde im ersten Herbst kastriert und ist heute ein großer und schicker Hammel mit üppiger weicher Wolle. Er findet es wunderbar, sich kraulen zu lassen, aber er ist trotzdem stets höflich.

Im t.h./*Fotos rechts:* Daniel Bruun, Ljósmyndasafn Austur-Húnavatnssýsla

Gormánuður *(gor-maunüthür, th = ti-eitsch)*

23.10. til 21.11.2021; hann er fyrsti vetrarmánuður og hefst á laugardegi á bilinu 21. til 27. október. Sá dagur heitir Fyrsti vetrardagur. Milli haustmánaðar og gormánaðar eru tveir "lausir" dagar sem nefnast **veturnætur**.

*23.10. bis 21.11.2021; er ist der erste Wintermonat und beginnt am Samstag im Zeitraum 21. bis 27. Oktober. Dieser Tag heißt Erster Wintertag (fyrsti vetrardagur, sprich "fisti wetrardagür"). Zwischen haustmánuður und gormánuður liegen zwei "freie" Tage, die **veturnætur** (Winternächte, sprich "vetür-naitür") genannt werden.*

Pæling:
Einstaklingar á gömlum myndum.
Individuen auf alten Fotos.

Mjög gamlar ljósmyndir eru ótrúlega heillandi að mínu mati. Hver og ein mynd segir heila sögu ef maður tekur sér tíma og lætur ímyndaraflið fara af stað. Auðvitað hjálpar það þegar maður þekkir kringumstæðurnar af eigin raun eða úr öðrum traustum heimildum. Ísland er ríkt af ljósmyndum sem eru öllum opnar, í vaxandi mæli líka á netinu. Það má t. d. nefna Héraðsskjalasafn Skagafjarðar, Ljósmyndasafn Austur-Húnavatnssýsla, Héraðsskjalasafn Árnesinga, og svo – sem kemur að vissu leyti á óvart – Nationalmuseet i København. Þarna eru varðveittar ótal myndir sem daninn Daniel Bruun og ferðafélagi hans Johannes Klein tóku, teiknuðu og máluðu á tímabilinu 1897 til u. þ. b. 1920. Ég hef varið dögum saman við að skoða þessar myndir og er enn að uppgötva eitthvað nýtt. Sérstaklega spennandi finnst mér ef einstaklingar eru vel greinilegar á myndunum. Hvort það er mannfólk, hundur, hestur eða önnur skepna. Á þessari blaðsíðu langar mig að sýna ykkur nokkrar gamlar myndir af einstaklingum sem mér þykir athyglisverðar.

Sehr alte Fotos finde ich äußerst faszinierend. Jedes Bild erzählt seine eigene Geschichte, wenn man sich Zeit nimmt und der Vorstellungskraft freien Lauf lässt. Natürlich hilft es, wenn man die Umstände kennt – aus eigener Anschauung oder aus anderen zuverlässigen Quellen. Besonders interessant finde ich alte Aufnahmen, auf denen Individuen gut erkennbar sind, egal, ob ein Mensch, ein Hund, ein Pferd oder ein anderes Wesen. Auf dieser Seite möchte ich Euch einige alte Bilder von Individuen vorstellen, die ich besonders spannend finde.


Sandfellshagi (S-Múl) 1923


Árnessýsla um 1900


Ingibjörg Kristmundsdóttir & Gletta um 1900


Ásgeir Jónsson, um 1900


Hofstaðir (Mývatn) 1908


Hrútey (Blönduós) um 1900




Draflastaðir 1908


Draflastaðir 1907


Hofstaðir (Mývatn) 1908



Grámori





Smá ráðgáta: Hvar er Gústa?
Wer findet Gústa?



Gústa, Heiðrún, Grámóri



Baugur

Október

Haustmánuður

Fös 1
Lau 2
Sun 3
Mán 4 40.
Þri 5 Eldad.
Mið 6 ●
Fim 7 *25.*
Fös 8
Lau 9
Sun 10
Mán 11 41.
Þri 12
Mið 13 ☽
Fim 14 *26.*
Fös 15
Lau 16
Sun 17
Mán 18 42.
Þri 19
Mið 20 ○
Fim 21 *vetur-*
Fös 22 *nætur*

Gormánuður

Lau 23 *1.* **1. vetrard.**
Sun 24
Mán 25 43.
Þri 26
Mið 27
Fim 28 ☾
Fös 29
Lau 30 *2.*
Sun 31



Litur mánaðarins: svartflekkótt *(spr. "swart-fleck-out")*

Flekkótta mynstrið er líka til á svörtum kindum – grunnliturinn er svartur en á ákveðnum svæðum vantar lit, þess vegna eru þau hvít. Sérstaklega hjá svartflekkóttu fé kemur það fyrir að þelið myndar með tímanum svartar eða dökkgráar doppur á meðan togið á sama stað er áfram hvítt. Þess vegna sést "dílótti" liturinn ekki nema rétt eftir rúninginn. Fjöldi doppanna eykst með árunum og stundum verður líka togið doppótt (sjá litlu myndirnar sem sýna sömu kindina og á stóru myndinni). Annars vil ég benda á september-síðuna þar sem móflekkóttu er lýst. Ég á bara 1 kind sem er "hreinsvartflekkótt" án annars mynsturs: Drottningu.

Drottning fæddist 2015 undan Gústu og sæðingahrútnum Radix frá Hjarðarfelli. Lögun svörtu blettanna er mjög lík þeirri pabba sinni. Hún var ekki bara lambadrottningin heldur hagaði sér líka mjög fljótlega eins og drottning – mjög sjálfstæð og full af sjálfstrausti næstum frá fyrsta degi. Hún lærði frá móður sinni að hoppa yfir eða skríða undir girðingu ef haginn þótti ekki nógu stór. Á eftir ég hafði stækkað hólfið alla leið upp á fjallið þar sem skríðan byrjar hættu þær mæðgur að sýna þetta atferli. Þá vissi ég að núna stenst þetta hólf öllum kröfum sem alvöru kindur gera! Drottning var fyrst frekar stygg en á öðrum vetri ákvað hún að prófa að láta klóra sér. Á eftir var ekki aftur snúið. Hún er ein besta vinkona mín í hjörðinni.

Das Muster "gefleckt" gibt es auch bei schwarzen Schafen – die Grundfarbe ist Schwarz, aber an bestimmten Stellen fehlt die Farbe und sie sind weiß. Besonders bei schwarzgefleckten Schafen kommt es vor, dass die Unterwolle mit der Zeit schwarze oder dunkelgraue Tupfen bildet, während das Deckhaar weiterhin weiß bleibt. Deswegen sieht man dieses "Tupfenmuster" nur direkt nach der Schur (s. oberes kleines Foto, selbes Schaf). Die Zahl der Tupfen nimmt mit den Jahren zu und manchmal wird auch das Deckhaar getupft (s. unteres kleines Foto, selbes Schaf). Ansonsten möchte ich auf das September-Blatt verweisen, wo Rotbraungefleckt vorgestellt wird. Ich habe nur 1 "rein schwarzgeflecktes" Schaf: Drottning, die auf allen drei oberen Fotos erscheint.

Drottning wurde 2015 geboren, Mutter und Vater sind Gústa und der Besamungsbock Radix frá Hjarðarfelli. Die Fleckenverteilung ist sehr ähnlich wie bei ihrem Vater. Sie verhielt sich schon sehr früh wie eine Königin – sehr selbstständig und voller Selbstbewusstsein fast vom ersten Tag an. Sie lernte von ihrer Mutter, Zäune entweder durch Überspringen oder Unterkriechen zu überwinden, wenn die Weidefläche nicht groß genug erschien. Nachdem ich den Zaun bis zur Geröllgrenze oben auf den Berg erweitert hatte, hörten Gústa und Drottning auf, dieses Verhalten zu zeigen. Da wusste ich, dass die Weide jetzt allen Anforderungen auch anspruchsvollster Schafe genügt! Drottning war zuerst recht scheu, aber im zweiten Winter beschloss sie auszuprobieren, sich kraulen zu lassen. Danach gab es kein Zurück mehr. Sie ist eine meiner besten Freundinnen in der Herde.

Ýlir *(sprich "ihlir")*

22.11. til 22.12.2021; hefst á mánudegi í 5. viku vetrar eða á bilinu 20. til 27. nóvember).
22.11. bis 22.12.2021; beginnt am Montag der 5. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27. November.



Laust reyfi tekið af næstum án þess að þurfa að nota klippur
Gerauft (lose liegende Wolle einfach mit der Hand heruntergenommen fast ohne Einsatz einer Schere)



Handklippt
Mit der Handschere geschoren



Vélklippt – "gamla" aðferðin
Maschinengeschoren – "alte" Methode



Vélklippt – nýja-sjálenska aðferðin
Maschinengeschoren – neuseeländische Methode

Pæling: Rúningur. *Schafschur.*

Bændur sem eru með kindurnar inni á veturna eru að (láta) klippa helst strax á eftir þær eru komnar á hús til að forðast óhreinindi í ullinni. Þá verður "snoðið" klippt snemma á vorin. Ef fjárhúsin eru hins vegar mjög köld eða ef kindurnar eru að mestu úti (með aðgangi að húsunum) þá halda þær ullinni til næsta sumars eins og í gamla daga. Náttúrulegi tímapunkturinn til rúnings er á milli maí og byrjun júlí þegar féð er að ganga úr ullinni. Ég sjálf er að "rýja" í upprunalegu merki orðsins, þ. e. ég er að taka lausu ullina af og einungis þar sem hún er alveg föst þá nota ég handklippur. Ef kindinni finnst það óþægilegt að ég er að toga í ullina þá handklippi hana alla í staðinn. Ef ég er undir tímapressu læt ég vélklippa hluta hjarðarinnar. Venjulega verður Bjarki á Breiðavaði fyrir valinu sem rúningsmaður, kindurnar eru mjög afslappaðar hjá honum og hann tekur líka tillit til ullargæða.

Fyrir mig skiptir tvennt máli í rúningi: vellíðun kindarinnar í fyrsta lagi og ullargæði í öðru lagi. Eitt sem ég lærði ekki fyrr en í vor er að það eru tvær vélklippingaraðferðir til. Allir rúningsmenn sem ég hafði séð til þessa notuðu sömu aðferð – kindin er að sitja meira eða minna allan tímann og er þar af leiðandi frekar róleg. Rúningurinn tekur 90 til 120 sekúndur og reyfið er almennt í fínu lagi. Þá sá ég í fyrsta skipti aðra aðferð: Kindurnar voru lagðar alveg á bakið inn á milli og flestar urðu mjög stressaðar á meðan, meiðsluhættan óx mikið. Þetta er eðlilegt því kindin heldur að hún sé afvelta – sem þýðir lífshættu. Ég heyrði eftirá að þetta sé "nýja" aðferðin sem komi frá Nýja-Sjálandi, hún eigi að gefa betra reyfi. En það sem ég þekkti og vissi að virkaði vel, sé "gamla aðferðin" sem sé hætt að kenna. Nýja-sjálenskar kindur eru bæði líkamlega og andlega mjög ólíkar íslenska fénu, eins með ullina. Þessi "nýja" aðferð sem virkar vel hjá þeim hentar greinilega ekki íslenskum og ég er vægast sagt hissa að hún skuli gefa betri ull. Það er að mínu mati alveg augljóst að "gamla" aðferðin er betri fyrir íslenskar kindur. Því vil ég að lokum hvetja alla sem eru enn að nota hana: Haldið þessari aðferð, miðlið hana áfram og talið um kostina hennar!





Bjarki klippur, Njáll sitjandi og alveg slakur
Bjarki schert, Njáll sitzt entspannt



"Gamla" aðferðin: klippt þversum báðum megin, aldrei á bakinu (= langsum)
"Alte" Methode: Beiderseits quer geschoren, nie längs (d. h. auf dem Rücken)

Es gibt verschiedene Methoden, um das sog. Vlies eines Islandschafs zu gewinnen. Dank dem natürlichen Fellwechsel ist bei manchen Schafen die oberste Methode möglich, zur gleichen Jahreszeit (Mai bis Anfang Juli je nach Individuum) auch die Schur mit der Handschere. Außerhalb des Fellwechsels – z. B. im Herbst bei den Bauern, die ihre Schafe im Winter im Stall halten – ist nur die Maschinenschur möglich. Bei ihr sind in Island im wesentlichen zwei Methoden verbreitet: 1. Das Schaf sitzt mehr oder weniger die ganze Zeit (= Entspannung) und die Schurbewegungen sind beiderseits quer zum Körper. Wird "alte" Methode genannt. 2. Das Schaf wird in einer bestimmten Phase auf den Rücken gelegt und auf der linken Seite längs zum Körper geschoren (die andere Hälfte bleibt "quer"). Durch die Rückenlage entsteht bei den meisten Islandschafen ein Panikreflex, da eine Rückenlage normalerweise lebensgefährlich ist; damit steigt die Verletzungsgefahr. Wird "neue" Methode genannt und kommt wohl aus Neuseeland. Alle Scherer (sie sind selbst Schafbauern, die auch für andere Bauern scheren), die ich bisher erlebt hatte, scheren nach der alten Methode; dieses Frühjahr habe ich zum ersten Mal die "neue" Methode erlebt und bin seitdem ein leidenschaftlicher Verfechter der "alten". Neuseeländische Schafe sind keine Islandschafe ...



Grámóri fremstur – móðirin (Gústa forystuær) leynir sér ekki
Grámóri vorn – da kommt das Muttergen durch (Gústa ist Anführerschaf)









Drífandi

Nóvember

Gormánuður

Mán 1 44.
Þri 2
Mið 3
Fim 4 ●
Fös 5
Lau 6 *3.*
Sun 7 ***Feðrad.***
Mán 8 45.
Þri 9
Mið 10
Fim 11 ☽
Fös 12
Lau 13 *4.*
Sun 14
Mán 15 46.
Þri 16 Dagur Íslenskrar tungu
Mið 17
Fim 18
Fös 19 ○
Lau 20 *5.*
Sun 21

Ýlir

Mán 22 47.
Þri 23
Mið 24
Fim 25
Fös 26
Lau 27 *6.* ☾
Sun 28
Mán 29 48.
Þri 30



Litur mánaðarins: grábotnótt *(sprich "grau-bottn-out")*

Að lokum langar mig að nefna sérstakan lit eða mynstur sem Stefán Aðalsteinsson, litaerfðafræðingurinn mikli, taldi koma fyrir sem eitt mynstur, ekki bara sameining grás mynsturs og botnótts mynsturs í sömu kind. Þótt það hafi síðustu áratugin ekki tekist að finna grábotnótta "genið" í íslensku sauðfé er það að mínu mati nógu mikil ástæða til að láta það koma fram hér. Persónulega finnst mér þetta mynstur einstaklega fallegt og heillandi, ekki síst út af því að það breytist á fyrsta ári ennþá meira en venjulega gráa mynstrið. Litla myndin sýnir sama sauðinn sem lamb! Ég á jafnvel 2 kindur sem eru bæði botnóttar og gráar: Hildi og Lagsa, hálfsystkini sammæðra.

Lagsi fæddist 2017, foreldrar hans eru Dóra (sem er nefnd á maí-síðunni) og Sproti (sjá júní-síðuna). Hildur, einu ári eldri systir hans sammæðra, leit nákvæmlega eins út þegar hún kom í heiminn þannig að ég vissi strax um hvaða lit væri að ræða. Hann var eina lambið móður sinnar og varð fljótlega stór og myndarlegur. Dóra er óvenju ákveðin ær en Lagsi reyndist ljúfur eins og pabbi sinn. Hann þorir enn ekki að láta klóra sér en það vantar bara pínulítið í það. Að mínu mati er hann fríðasti sauður hjarðarinnar, ekki bara út af litnum heldur sérstaklega út af andlitinu.

Zum Schluss kommen wir zu einem speziellen Muster, das Stefán Aðalsteinsson, der international berühmte große Farbgenetiker, als eigenständiges Muster zählte – nicht nur als Summe von Grau und von Botnótt im selben Schaf. Auch wenn es in den letzten Jahrzehnten nicht mehr gelang, dieses "Gen" bei isländischen Schafen nachzuweisen, ist dies für mich Grund genug, es an dieser Stelle zu erwähnen. Ich persönlich finde diese Musterkombination besonders schön und faszinierend, nicht zuletzt deshalb, weil es sich im ersten Jahr noch mehr verändert als das "normale" graue Muster. Das kleine Bild zeigt denselben Hammel als Lamm! Ich habe gleich 2 Schafe, die sowohl botnótt als auch grau sind: die Halbgeschwister Hildur und Lagsi (selbe Mutter).

Lagsi wurde 2017 geboren, seine Eltern sind Dóra (die auf der Mai-Seite erwähnt wird) und Sproti (s. Juni-Blatt). Hildur, seine ein Jahr ältere Halbschwester, sah als Lamm exakt genauso aus, als sie zur Welt kam, so dass ich gleich über die Farbe im Bilde war. Er war ein Einzellamm und wurde schnell groß und schön. Dóra ist äußerst entschieden im Auftreten, aber Lagsi erweist sich als sanft wie sein Vater. Er wagt noch nicht, sich kraulen zu lassen, aber dazu fehlt nur noch ganz wenig. Für mich ist er der schönste Hammel der Herde, nicht nur wegen seiner Farbe, sondern auch wegen seines Gesichts.

Mörsugur *(sprich "Mörsügür")*

22.12.2021 til 20.1.2022; hefst á miðvikudegi í 9. viku vetrar eða á bilinu 20. til 27. desember.

22.12.2021 bis 20.1.2022; beginnt am Mittwoch der 9. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27.12.

Das große Unwetter

Am 10. Dezember 2010 fand eines der größten Unwetter der letzten Jahrzehnte statt. Die Bilder zeigen die Vorbereitungen am Tag zuvor. Ich bin sehr dankbar, dass wir alle, auch die Pferde, den Schneesturm überlebt, sogar gut überstanden haben. Das untere Foto berührt mich besonders – Baugur und ich haben die Pferde gefunden, auf einer kleinen Insel im tiefen Schneemeer.























Óveðrið mikla

10. desember 2020 gekk eitt mesta óveður síðustu áratuga yfir. Óvenjumikil snjókoma, í láglendi oftast blautur, þungur snjór, varð til þess að hátt í annað hundrað hross dóu. Rafmagnið og jafnvel símsambandið datt víða út í marga daga. Við í Hvammshlíð sluppum ótrúlega vel og ég er enn þakklát fyrir það. En minningarnar koma oft aftur, sérstaklega núna þegar ég er að velja myndefnið fyrir dagatalið. Veturinn getur verið mjög erfiður fyrir líkamann og sálina, náttúran ræður öllu. Verum þakklát fyrir allt sem gengur upp þótt kringumstæðurnar séu flóknar, fyrir öll tækni sem létta undir og sérstaklega fyrir allar skepnur sem lifa af. Myndirnar eru teknar daginn fyrir storminn við allan undirbúning sem stóð fram undir miðnætti. Síðasta myndin snertir mig mest. Ég tók hana tveimur dögum eftir storminn þegar við Baugur vorum búin að finna hrossin langt fyrir neðan bæinn, á pínulítilli snjóeyju sem þau höfðu troðið undir sig. Allt í kring djúpt haf af snjó, alófært hrossum. En þau voru í furðulega góðu standi. Mikið var ég fegin og er það ennþá. Að koma þeim heim var annað ævintýri sem tók mikinn tíma og orku en það gekk líka vel á endanum. Þessi vetur kenndi mér að í rauninni snýst allt um úthald, líkamlegt en sérstaklega andlegt. Verum bjartsýn, höldum strikið. Skref fyrir skref. Þá geta ótrúlegustu hlutir gengið upp!



Kappi



Stundum er gott að geta notað dráttarvél til að komast að bílnum
Manchmal ist es sehr hilfreich, mit dem Traktor zum (800 m entfernten) Auto fahren zu können



Gestir geta mætt með Strætó – heim að afleggjaranum!
Gäste können mit dem Fernbus anreisen – bis fast vor die Tür!



Desember

Ýlir

Mið 1 F.[1]
Fim 2
Fös 3
Lau 4 7. •
Sun 5
Mán 6 49.
Þri 7
Mið 8
Fim 9
Fös 10
Lau 11 8. ☽
Sun 12 Stekkjastaur
Mán 13 50. Gilgjagaur
Þri 14 Stúfur
Mið 15 Þvörusleikir
Fim 16 Pottasleikir
Fös 17 Askasleikir
Lau 18 9. Hurðaskellir
Sun 19 ○ Skyrgámur
Mán 20 51. Bjúgnakrækir
Þri 21 Gluggagægir
Mið 22 Gáttaþefur
Fim 23 Þorláksmessa*
Fös 24 Aðfangadagur**
Lau 25 10. Jóladagur
Sun 26 Annar í jólum
Mán 27 52.
Þri 28 ☾
Mið 29
Fim 30
Fös 31 Gamlársdagur

[1]Fullveldisdagurinn
*Ketkrókur **Kertasníkir

Mörsugur

Ein blaðsíða enn!
Noch eine Seite!

Hvammshlíð – uppfærðar myndir! *Aktualisierte Bilder!*

Það breyttist mikið síðan í fyrra. Ath: Gráar og golsóttar kindur breyta um andlitslit eftir árstímum.
Seit letztem Jahr hat sich viel geändert. Und: Graue und golsótte Schafe ändern die Gesichtsfarbe im Jahreslauf.

